

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2018/410

2020/EES/54/20

frá 14. mars 2018

um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að efla kostnaðarhagkvæmar losunarkerðingar og fjárfestingar sem fela í sér litla losun kolefna og á ákvörðun (ESB) 2015/1814 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 1. mgr. 192. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins (1),

með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar (2),

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð (3),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (4) var komið á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Sambandsins til að stuðla að því að dregið verði úr losun þeirra á kostnaðarhagkvæman og efnahagslega skilvirkan hátt.
- 2) Í október 2014 skuldbatt leiðtogaárið sig til að draga, eigi síðar en 2030, úr heildarlosun gróðurhúsalofttegunda í Sambandinu um a.m.k. 40% niður fyrir gildi ársins 1990. Allar greinar atvinnulífsins ættu að stuðla að því að ná þessum losunarkerðingum og markmiðinu á að ná á eins kostnaðarhagkvæman hátt og unnt er, með skerðingum í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, sem nemur 43% niður fyrir gildi ársins 2005, eigi síðar en 2030. Þetta var staðfest í fyrirhugaðri landsávarðaðri skerðingarskuldbindingu Sambandsins og aðildarríkja þess, sem var lögð fyrir skrifstofu rammisamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar 6. mars 2015.
- 3) Parísarsamningurinn, sem var samþykktur 12. desember 2015 samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, öðlaðist gildi 4. nóvember 2016. Aðilar að honum hafa samþykkt að halda hækkan á hitastigi á heimsvísu vel undir 2 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu og að fylgja eftir viðleitni til að takmarka hækkan hitastigs við 1,5 °C yfir gildum fyrir iðnvæðingu. Aðilarnir hafa einnig samþykkt að taka stöðuna á framkvæmd Parísarsamningsins með reglulegu millibili til að meta sameiginlega framvindu við að ná markmiði Parísarsamningsins og langtíma-markmiðum hans.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 76, 19.3.2018, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/2020 frá 14. Júlí 2020 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn (báður birtingar).

(1) Stjtíð. ESB C 71, 24.2.2016, bls. 57.

(2) Stjtíð. ESB C 240, 1.7.2006, bls. 62.

(3) Afstaða Evrópuþingsins frá 6. febrúar 2018 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 27. febrúar 2018.

(4) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB (Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32).

- 4) Í samræmi við skuldbindingu aðila sem eru samábyrgir um löggjöfina sem kom fram í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB ⁽¹⁾ og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB ⁽²⁾ ættu allar greinar atvinnulífsins að stuðla að því að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Samkvæmt Parísarsamningnum hafa Sambandið og aðildarríki þess tekist á hendur losunarskerðingarmarkmið sem hefur áhrif á allt hagkerfið. Átak um að takmarka losun frá alþjóðasjóflutningum gegnum Alþjóðasiglingamálastofnunina stendur yfir og ætti að stuðla að því. Alþjóðasiglingamálastofnunin hefur komið á ferli til að samþykkja upphafsáætlun um skerðingu á losun á árinu 2018 til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá alþjóðasjóflutningum Samþykkt á metnaðarfullu markmiði um losunarskerðingu, sem hluta af þessari upphafsáætlun, er orðin brýn og er hún mikilvæg til að tryggja að alþjóðasjóflutningar leggi sitt af mörkum til þeirrar viðleitni sem þarf til að ná markmiðinu um að halda hækkun á hitastigi vel undir 2 °C sem var samþykkt samkvæmt Parísarsamningnum. Framkvæmdastjórnin ætti að endurskoða þetta reglulega og ætti að gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu, a.m.k. árlega, um þann árangur sem náðst hefur hjá Alþjóðasiglingamálastofnuninni varðandi metnaðarfullt markmið um losunarskerðingu og um hliðarráðstafanir til að tryggja að geirinn leggi sitt af mörkum, eins og vera ber, til þeirrar viðleitni sem þarf til að ná markmiðunum sem samþykkt voru samkvæmt Parísarsamningnum. Aðgerðir af hálfu Alþjóðasiglingamálastofnunarinnar eða Sambandsins ættu að hefjast frá og með árinu 2023, þ.m.t. undirbúningsvinna við samþykkt og framkvæmd, með tilhlýðilegu tilliti til allra hagsmunaaðila.
- 5) Leiðtogaráðið staðfesti í niðurstöðum sínum í október 2014 að vel starfhæft, endurskoðað viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, með gerningi til að koma á stöðugleika á markaði, verði helsti evrópski gerningurinn til að ná markmiðinu um a.m.k. 40% skerðingu, með árlegum skerðingarstuðli sem nemur 2,2% frá 2021 og áfram. Leiðtogaráðið staðfesti einnig að úthlutanir án endurgjalds falli ekki úr gildi og að gildandi ráðstafanir muni halda áfram eftir 2020 til að koma í veg fyrir áhættu á kolefnisleka vegna loftslagsstefnu svo fremi að ekki sé sýnd sambærileg viðleitni í öðrum helstu hagkerfunum án þess að hlutdeild losunarheimilda, sem verða boðnar upp, sé minnkuð. Gefa ætti uppboðshlutdeildina upp sem hundradshlutatölu í tilskipun 2003/87/EB til að auka vissu í áætlanagerð að því er varðar ákvarðanir um fjárfestingar, til að auka gagnsæi og til að gera kerfið í heild sinni einfaldara og auðskiljanlegra.
- 6) Eitt helsta forgangsverkefni Sambandsins er að koma á fót öflugum orkusambandi til að veita borgurum sínum og iðnaði örugga, sjálfbæra og samkeppnishæfa orku á viðráðanlegu verði. Til að ná þessu þarf að halda áfram með metnaðarfullar loftslagsaðgerðir, með viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir sem hornstein í loftslagsstefnu Sambandsins, og einnig þarf framfarir á öðrum sviðum orkusambandsins. Það að koma takmarkinu, sem er ákveðið í ramma Sambandsins fyrir loftslags- og orkustefnu fyrir 2030, í framkvæmd stuðlar að myndun viðeigandi kolefnaverðs og heldur áfram að hvetja til kostnaðarhagkvæmra skerðinga á losun gróðurhúsalofttegunda.
- 7) Í 2. mgr. 191. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er þess krafist að stefna Sambandsins grundvallist á mengunarbótareglunni og á grundvelli þess er í tilskipun 2003/87/EB kveðið á um að smám saman verði skipt yfir í uppboð á öllum losunarheimildum. Tímabundin frestun uppboðs á öllum losunarheimildum til að koma í veg fyrir kolefnisleka er réttlætun og markviss úthlutun losunarheimilda án endurgjalds til iðnaðarinnar er réttlætun til að bregðast við raunverulegri áhættu á aukningu í losun gróðurhúsalofttegunda í þriðju löndum þar sem iðnaðurinn er ekki bundinn af sambærilegum takmörkunum á losun kolefnis, svo fremi að önnur helstu hagkerfi geri ekki sambærilegar loftslagsstefnuráðstafanir.
- 8) Uppboð losunarheimilda verður áfram almenn regla og úthlutun án endurgjalds undantekning. Í mati framkvæmdastjórnarinnar á áhrifum er tilgreint að hlutdeild losunarheimilda, sem verða boðnar upp, sé 57% á tímabilinu frá 2013 til 2020. Að meginreglu til ætti þessi hlutdeild áfram að vera 57%. Hún samanstendur af losunarheimildum sem boðnar eru upp fyrir hönd aðildarríkja, þ.m.t. losunarheimildir sem eru lagðar til hliðar fyrir nýja aðila en ekki úthlutað, losunarheimildir til að nútímavæða raforkuframleiðslu í sumum aðildarríkjum og losunarheimildir sem bjóða á upp síðar vegna færslu þeirra í markaðsstöðugleikavarsjóðinn sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 ⁽³⁾. Þessi hlutdeild ætti að ná yfir 75 milljónir losunarheimilda sem eru notaðar til að styðja við nýsköpun. Ef eftirspurn eftir losunarheimildum án endurgjalds virkjar þörf á að beita samræmdum leiðréttingarstuðli, sem liggur þvert á atvinnugreinar, fyrir árið 2030 ætti að minnka hlutdeild losunarheimilda, sem verða boðnar upp á tíu ára tímabili sem hefst 1. janúar 2021, um allt að 3% af heildarfjölda losunarheimildanna. Í því skyni að efla samstöðu, vöxt og gagnkvæm tengsl ætti að skipta 10% af losunarheimildunum, sem aðildarríkin eiga að bjóða upp, á milli þeirra aðildarríkja þar sem verg landsframleiðsla á mann á markaðsverði fór ekki yfir 90% af meðaltali Sambandsins á árinu

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda (Stjtfð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63).

(2) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 406/2009/EB frá 23. apríl 2009 um átak aðildarríkjanna til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda til að uppfylla skuldbindingar Bandalagsins um að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda fram til ársins 2020 (Stjtfð. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 136).

(3) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 frá 6. október 2015 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarsjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun 2003/87/EB (Stjtfð. ESB L 264, 9.10.2015, bls. 1).

2013 og úthluta ætti því sem eftir stendur af losunarheimildunum milli allra aðildarríkjanna á grundvelli sannprófaðrar losunar. Undanþága fyrir tiltekin aðildarríki, þar sem meðaltekjur á mann eru meira en 20% yfir meðaltalinu í Sambandinu í tengslum við þá dreifingu á tímabilinu frá 2013 til 2020, ætti að falla úr gildi.

- 9) Með hliðsjón af samspili milli loftslagsstefna á vettvangi Sambandsins og á landsvísu ættu aðildarríkin að eiga möguleika á að ógilda losunarheimildir úr fjölda losunarheimilda þeirra á uppboði ef til þess kemur að það lokast fyrir framleiðslugetu raforku á yfirráðasvæði þeirra. Til að tryggja fyrirsjáanleika fyrir rekstraraðila og markaðsaðila, að því er varðar fjölda uppboðslosunarheimilda sem eru til ráðstöfunar, ætti að takmarka möguleikann á að ógilda losunarheimildir í slíkum tilvikum við fjölda sem samsvarar meðaltali sannprófaðrar losunar úr viðkomandi stöð á fimm ára tímabili á undan lokuninni.
- 10) Til að viðhalda umhverfislegum ávinningi af losunarskerðingum í Sambandinu meðan aðgerðir af hálfu þriðju landa veita iðnaðinum ekki sambærilega hvatningu til að draga úr losun ætti úthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili að halda áfram til stöðva í geirum og undirgeirum sem eru í verulegri áhættu á kolefnisleka. Sú reynsla sem fengist hefur af starfsemi viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir hefur staðfest að geirar og undirgeirar eru í mismikilli áhættu á kolefnisleka og að úthlutun án endurgjalds hafi komið í veg fyrir kolefnisleka. Þó að sumir geirar og undirgeirar geti talist vera í meiri áhættu á kolefnisleka geta aðrir velt talsverðum hluta kostnaðar af losunarheimildum vegna losunar sinnar út í vöruverð án þess að tapa markaðshlutdeild og bera einungis eftirstandandi hluta kostnaðarins þannig að þeir eru í lítilli áhættu á kolefnisleka. Framkvæmdastjórnin ætti að ákvarða og aðgreina viðkomandi geira, á grundvelli umfangs viðskipta þeirra og losunar, til að geta greint betur geira sem eru í raunverulegri áhættu á kolefnisleka.

Þó að mat á geirum og undirgeirum ætti að fara fram út frá fjögurra tölustafa þrepi (NACE-4-kóði) ætti þó einnig að gera ráð fyrir sérstökum aðstæðum þar sem það kann að vera við hæfi að hafa möguleika á að fara fram á mat út frá sex eða átta tölustafa þrepi (vöruskrá ESB). Slíkur möguleiki ætti að vera fyrir hendi ef geirar og undirgeirar hafa áður talist vera berskjaldaðir fyrir kolefnisleka út frá sex eða átta tölustafa þrepi (vöruskrá ESB), að því gefnu að tilteknir kóðar atvinnugreinaflokkunar Evrópusambandsins, einkum þeir sem enda á .99, nái yfir misleita starfsemi sem er „ótalin annars staðar“ („ót. a.“). Ef geiri eða undirgeiri fellur undir viðmiðun hreinsunarstöðva og aðra vöruviðmiðun ætti að taka tillit til þessara aðstæðna þannig að, ef við á, unnt sé að gera eiginlega greiningu á áhættu á kolefnisleka til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir vörur sem eru framleiddar bæði í hreinsunarstöðvum og í efnaverksmiðjum. Ef farið er yfir viðmiðunarmörk, sem eru ákveðin með því að taka tillit til möguleika viðkomandi geira og undirgeira til að velta kostnaði út í vöruverð, á grundvelli viðmiðana um umfang viðskipta og losunar, ætti viðkomandi geiri eða undirgeiri að teljast vera í áhættu á kolefnisleka. Aðrir geirar og undirgeirar ættu að teljast vera í lítilli eða engri áhættu á kolefnisleka. Þegar tekið er tillit til möguleika geira og undirgeira utan raforkuframleiðslu til að velta kostnaði út í vöruverð ætti það einnig að draga úr óvenjulega miklum hagnaði. Úthlutunum án endurgjalds til geira og undirgeira sem teljast vera í lítilli eða engri áhættu á kolefnisleka, að undanskilinni fjarhitun, ætti að fækka jafnt og þétt eftir árið 2026 þannig að á árinu 2030 verði engar úthlutanir án endurgjalds nema annað sé ákveðið í endurskoðun skv. 30. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

- 11) Endurskoða ætti viðmiðunargildi fyrir úthlutanir án endurgjalds, sem gilda frá og með árinu 2013, til að koma í veg fyrir óvenjulega mikinn hagnað og til að endurspeglar tækniframfarir í viðkomandi geirum á tímabilinu 2007–2008 og á öllum síðari tímabilum sem úthlutanir án endurgjalds hafa verið ákvarðaðar fyrir í samræmi við 1. mgr. 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB. Í því skyni að endurspeglar tækniframfarir í viðkomandi geirum og laga viðmiðunargildin að viðkomandi tímabili úthlutunar ætti að kveða á um uppfærslu viðmiðunargilda fyrir úthlutanir án endurgjalds, sem hafa verið ákvarðaðar á grundvelli gagna frá árunum 2007–2008, til stöðva í samræmi við merkjanlegar úrbætur. Með skírskotun til fyrirsjáanleika ætti að gera þetta með því að nota stuðul, sem stendur fyrir besta mat á framförum þvert á geira, sem ætti þar á eftir að taka tillit til traustra, hlutlægra og sannprófaðra gagna frá stöðvum, að teknu tilliti til meðalframleiðni hjá 10% af afkastamestu stöðvunum, þannig að viðmiðunargildin endurspeglar raunverulegan hraða úrbóta. Ef gögnin sýna árlega skerðingu, sem nemur minna en 0,2% eða meira en 1,6% af gildinu fyrir 2007–2008 yfir viðkomandi tímabil, ætti að aðlagatengt viðmiðunargildi með öðrum hlutföllum en raunverulegum hraða umbóta til að viðhalda hvata til losunarskerðingar og til að verðlauna nýsköpun með réttum hætti. Að því er varðar tímabilið frá 2021 til 2025 ætti að aðlagatessi viðmiðunargildi fyrir hvert ár á milli ársins 2008 og miðbiks tímabilsins frá 2021 til 2025, annaðhvort með 0,2% eða 1,6%, sem leiðir til úrbóta sem nema 3% eða 24%, eftir því sem við á, samanborið við gildandi gildi á tímabilinu frá 2013 til 2020. Að því er varðar tímabilið frá 2026 til 2030 ætti að aðlagatessi

viðmiðunargildi á sama hátt, sem leiðir til úrbóta sem nema 4% eða 32%, eftir því sem við á, samanborið við gildandi gildi á tímabilinu frá 2013 til 2020. Til að tryggja jöfn samkeppnisskilyrði fyrir framleiðslu á arómötum, vetni og tilbúnu gasi í hreinsunarstöðvum og efnaverksmiðjum ættu viðmiðunargildin fyrir arómöt, vetni og tilbúið gas áfram að vera samræmd við viðmiðunargildi hreinsunarstöðva.

- 12) Umfang úthlutana án endurgjalds fyrir stöðvar ætti að vera betur lagað að raunframleiðslu þeirra. Í þessu skyni ætti að aðlaga úthlutanir með reglulegu millibili á samræmdan hátt til að taka tillit til viðeigandi aukningar og minnkunar í framleiðslu. Gögn, sem eru notuð í þessu samhengi, ættu að vera heil, samræmd, sannprófuð af óháðum aðila og ættu að vera af sama nákvæmni- og gæðastigi og gögnin sem eru notuð til að ákvarða úthlutun án endurgjalds. Í því skyni að koma í veg fyrir að átt sé við kerfið til að aðlaga úthlutanir eða að það sé misnotað og til að komast hjá allri óþarfa stjórnsýslubyrði, að teknu tilliti til frests sem gildir um tilkynningar varðandi breytingar á framleiðslu og með það í huga að þörf er á að tryggja að breytingar á úthlutunum séu gerðar á skilvirkan og samræmdan hátt sem er án mismununar, ætti að fastsetja viðkomandi viðmiðunarmörk við 15% og meta þau samkvæmt hlaupandi meðaltali yfir tvö ár. Framkvæmdastjórnin ætti að geta íhugað að koma á frekari ráðstöfunum, s.s. notkun á algildum viðmiðunarmörkum varðandi breytingar á úthlutun eða að því er varðar frestinn sem gildir um tilkynningar varðandi breytingar á framleiðslu.
- 13) Það væri æskilegt að aðildarríkin bæti tilteknum stöðvum að hluta til, í samræmi við reglur um ríkisaðstoð, í geirum eða undirgeirum sem ákvarðað hefur verið að séu í umtalsverðri áhættu á að verða fyrir kolefnisleka, upp kostnað sem tengist losun gróðurhúsalofttegunda og hefur verið velt út í rafmagnsverð, þar með talið m.a. fyrir notkun stöðvanna sjálfa á rafmagnni sem er framleitt með brennslu á úrgangslófti. Með því að leitast við að nota ekki meira en 25% af tekjum, sem eru tilkominar vegna uppboðs á losunarheimildum, til að bæta upp óbeinan kostnað er líklegt að aðildarríkin stuðli bæði að því að ná markmiðum viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og því að verja heildarvirgni innri markaðarins og samkeppnisskilyrði. Til að auka gagnsæi með tilliti til þess að hvaða marki slík uppbot er látin í té ættu aðildarríkin að gera almenningi reglulega grein fyrir þeim ráðstöfunum sem þau eru með fyrir hendi og varðandi þá sem þiggja uppbotina en tryggja um leið að tekið sé tilhlýðilegt tillit til trúnaðareðlis tiltekinna upplýsinga og tengdra gagnaverndarhagsmuna. Ef aðildarríki notar umtalsverða upphæð af uppboðstekjum sínum til að bæta upp óbeinan kostnað eru auknir hagsmunir af því að birta ástæðurnar fyrir þessu vali opinberlega. Þegar framkvæmdastjórnin endurskoðar reglur sínar um ríkisaðstoð, sem varða uppbot fyrir óbeinan kostnað við losun, ætti hún m.a. að íhuga notagildi efri marka fyrir uppbotina sem aðildarríkin láta í té. Við endurskoðun á tilskipun 2003/87/EB ætti að íhuga að hvaða marki þessar fjárhagsráðstafanir hafa verið skilvirkar til að komast hjá umtalsverðri áhættu á kolefnisleka vegna óbeins kostnaðar og íhuga þann möguleika að samræma ráðstafanir enn frekar, þ.m.t. samræmt kerfi. Loftslagsfjármögnun hins opinbera mun halda áfram að gegna mikilvægu hlutverki við virkjun úrræða eftir 2020.

Því ætti einnig að nota uppboðstekjur til að fjármagna loftslagsaðgerðir í þriðju löndum sem eru viðkvæm, einkum löndum sem eru skemmst á veg komin í þróun, þ.m.t. aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga, m.a. með milligöngu Græns loftslagssjóðs rammasamnings Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar. Upphæð loftslagsfjármögnunar, sem á að virkja, mun einnig velta á metnaði og gæðum landsákvæðra framlaga, síðari fjárfestingaáætlunum og landsbundnum skipulagsáætlunum varðandi aðlögun. Að því er varðar hugsanleg félagsleg áhrif af stefnu og fjárfestingum sem þörf er á ættu aðildarríkin einnig að nota uppboðstekjur til að stuðla að réttlátri umbreytingu yfir í lágkolefnishagkerfi með því að efla nýja færni og endurskipulagningu vinnuafis í skoðanaskiptum milli aðila vinnuamarkaðarins, samfélaga og svæða sem verða fyrir áhrifum af umbreytingu starfa.

- 14) Helsti langtímahvatinn, sem stafar af tilskipun 2003/87/EB, í tengslum við föngun koltvísýrings og geymslu hans í jörðu, nýja tækni á sviði endurnýjanlegrar orku og tímamótanýsköpun í lágkolefnistækni og -ferlum, þ.m.t. umhverfisvæn föngun kolefnis og nýting, er kolefnisverðteiknið sem tilskipunin skapar og sú staðreynd að ekki þarf að skila inn losunarheimildum fyrir koltvísýring sem er ekki losaður eða sem er geymdur varanlega. Í því skyni að bæta við það fjármagn sem er þegar notað til að flýta fyrir kynningu á viðskiptalegum stöðvum fyrir föngun koltvísýrings og geymslu hans í jörðu og nýskapandi tækni á sviði endurnýjanlegrar orku ætti þar að auki að nota losunarheimildir til að tryggja að einhver umbun sé í boði fyrir nýtingu stöðva fyrir föngun koltvísýrings og geymslu hans í jörðu eða stöðva fyrir föngun kolefnis og nýtingu, nýja tækni á sviði endurnýjanlegrar orku og atvinnunýjunga í lágkolefnistækni og -ferlum í Sambandinu fyrir þann koltvísýring sem er geymdur eða sem er ekki losaður í nægjanlegu magni, að því gefnu að gengið hafi verið frá samkomulagi um miðlun þekkingar.

Til viðbótar við þær 400 milljónir losunarheimilda, sem voru upphaflega til ráðstöfunar fyrir tímabilið frá og með árinu 2021, ætti að bæta 50 milljónum óúthlutaðra losunarheimilda úr markaðsstöðugleikavarsjóðnum við tekjur, sem hefur enn ekki verið ráðstafað til nýsköpunarstarfsemi, af þeim 300 milljónum losunarheimilda sem voru til ráðstöfunar á tímabilinu frá 2013 til 2020 og nota þær tímanlega til að styðja við nýsköpun. Með hliðsjón af því að hvaða marki hlutdeild losunarheimilda, sem verða boðnar upp, er minnkuð til að komast hjá því að þurfa að beita samræmdum leiðréttingarstuðli, sem liggur þvert á atvinnugreinar, ætti að auka fjölda losunarheimilda, sem eru til ráðstöfunar samkvæmt þessum sjóði, um allt að 50 milljónir losunarheimilda. Meirihluti þessa stuðnings ætti að vera háður þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem staðfest hefur verið að komist hafi verið hjá en þó ætti að vera unnt að veita einhvern stuðning þegar fyrirframákveðnum áföngum er náð, að teknu tilliti til tækni sem er notuð og sérstakra aðstæðna geirans þar sem hún er notuð. Skilgreina ætti áfangana til að fullnægjandi fjármagn verði til ráðstöfunar fyrir verkefnið. Hámarkshundraðshluti kostnaðar við verkefni sem á að styðja getur verið breytilegur eftir verkefnisflokki. Taka ætti tilhlyðilegt tillit til verkefna sem koma til með að hafa umtalsverð nýsköpunaráhrif í öllu Sambandinu.

- 15) Verg landsframleiðsla á mann á markaðsvirði í Grikklandi var undir 60% af meðaltali Sambandsins á árinu 2014 en landið þiggur ekki aðstoð frá nútímavæðingarsjóðnum (e. *Modernisation Fund*) og ætti því að geta gert kröfu um losunarheimildir til að taka þátt í fjármögnun til að minnka kolefnislosun hjá rafveitu eyjanna innan yfirráðasvæðis þess. Þessar losunarheimildir ættu að koma úr þeim hámarksfjölda losunarheimilda sem um getur í 5. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, sem er ekki úthlutað án endurgjalds fyrir 31. desember 2020, og þær ætti að bjóða upp í samræmi við fyrirkomulagið sem gildir um nútímavæðingarsjóðinn.
- 16) Koma ætti á fót nútímavæðingarsjóði með 2% af heildarfjölda losunarheimilda og bjóða þær upp í samræmi við reglur og fyrirkomulag um uppboð sem fara fram á sameiginlega uppboðsvettvanginum sem settur er fram í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 ⁽¹⁾. Með hliðsjón af því að hvaða marki hlutdeild losunarheimilda, sem verða boðnar upp, er minnkuð til að komast hjá því að þurfa að beita samræmdum leiðréttingarstuðli, sem liggur þvert á atvinnugreinar, ætti að auka þann fjölda losunarheimilda, sem eru til ráðstöfunar innan ramma nútímavæðingarsjóðsins, um allt að 0,5% af heildarfjölda losunarheimilda. Aðildarríki þar sem verg landsframleiðsla á mann á markaðsvirði var undir 60% af meðaltali Sambandsins á árinu 2013 ættu að fullnægja tilteknum skilyrðum fyrir fjármögnun úr nútímavæðingarsjóðnum og ættu að geta vikið frá meginreglunni um uppboð á öllum losunarheimildum til ársins 2030 með því að nota möguleikann á úthlutun án endurgjalds til þess að stuðla á gagnsæjan hátt að raunverulegum fjárfestingum við nútímavæðingu á orkugeira sínum en komast um leið hjá röskun á innri orkumarkaðinum. Fjárfestingar innan ramma nútímavæðingarsjóðsins, sem miða að því að bæta orkunýtni, gætu tekið til fjárfestinga í rafvæðingu samgangna, einkum flutninga á vegum. Reglur sem gilda um nútímavæðingarsjóðinn ættu að mynda samræmdan, víðtækan og gagnsæjan ramma til að tryggja eins skilvirka framkvæmd og við verður komið, að teknu tilliti til þess að nauðsynlegt er að allir þátttakendur eigi greiðan aðgang og til möguleikans á því að virkja fjárfestingar í aðildarríkjum. Eftirlits- og stjórnunarkerfið ætti að vera í réttu samræmi við þann tilgang að tryggja viðeigandi notkun fjármagnsins.

Þetta eftirlits- og stjórnunarkerfi ætti að fela í sér fjárfestinganeftirlit og taka ætti tilhlyðilegt tillit til reynslu Fjárfestingarbanka Evrópu í ákvarðanatökuférlinu nema minni háttar verkefni séu studd með lánum frá landsbundnum stuðningsbanka eða með styrkjum fyrir milligöngu landsáætlunar sem hefur sömu markmið og nútímavæðingarsjóðurinn. Í því skyni að greina og veita upplýsingar um sérhvern hugsanlegan hagsmunaáreksstur ætti að birta og uppfæra reglulega samsetningu fjárfestingarnefndarinnar og ferilskrá meðlima hennar sem og hagsmunayfirlýsingar þeirra. Í því skyni tryggja að tekið sé á fullnægjandi hátt á fjárfestingarþörfum í tekjulágum aðildarríkjum ætti að skipta fjármagninu fyrir nútímavæðingarsjóðinn milli aðildarríkjanna á grundvelli samsettra viðmiðana um 50% hlutdeild sannprófaðrar losunar og 50% hlutdeild vergrar landsframleiðslu. Fjárhagsaðstoð frá nútímavæðingarsjóðnum getur verið veitt í mismunandi formi. Til að virkja fjármagn og tryggja að viðeigandi fjárfestingar hafi aukin áhrif ætti fjármagn frá einkareknum lögaðilum, sem getur tekið til aðskilins fjármagns frá einkareknum lögaðilum sem eru að öllu leyti eða að hluta til í eigu opinberra yfirvalda, að koma til viðbótar við losunarheimildir án endurgjalds til að nútímavæða raforkuframléiðslu í einhverjum aðildarríkjum og fjármagn sem er til ráðstöfunar frá nútímavæðingarsjóðnum til fjárfestinga sem eru fyrir utan skrána yfir forgangssvið.

- 17) Í því skyni að einfalda fjármögnunarkerfið og lágmarka stjórnsýslubyrði sem tengist framkvæmdinni ættu hlutaðeigandi aðildarríki að hafa þann möguleika að nota sína hlutdeild af 10% endurúthlutaðu losunarheimildunum og af úthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili til að nútímavæða orkugeirann samkvæmt ákvæðum nútímavæðingarsjóðsins. Til að tryggja fyrirsjáanleika og gagnsæi með tilliti til fjölda losunarheimilda, sem eru annaðhvort til ráðstöfunar til uppboðs eða til úthlutunar án endurgjalds á umbreytingartímabili, og með tilliti til þeirra eigna sem nútímavæðingarsjóðurinn stýrir ættu aðildarríkin að upplýsa framkvæmdastjórnina um þá ætlun sína að auka fjármagn sitt innan ramma nútímavæðingarsjóðsins fyrir 2021.

⁽¹⁾ Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (Stjtd. ESB L 302, 18.11.2010, bls. 1).

- 18) Í október 2014 staðfesti leiðtoga ráðið að sá möguleiki að orkugeirinn fengi úthlutun án endurgjalds ætti að halda áfram til 2030 og að bæta ætti fyrirkomulagið, þ.m.t. gagnsæi, varðandi valkvæða úthlutun án endurgjalds til að nútímavæða orkugeirann í tilteknum aðildarríkjum. Hlutaðeigandi aðildarríki ætti að velja fjárfestingar, sem eru 12,5 milljóna evra virði eða meira, með útbodsferli á samkeppnisgrundvelli á grundvelli skýrra og gagnsærra reglna til að tryggja að úthlutun án endurgjalds sé notuð til að stuðla að raunverulegum fjárfestingum sem nútímavæða eða auka fjölbreytni í orkugeiranum í samræmi við markmið orkusambandsins. Fjárfestingar, sem eru minna virði en 12,5 milljónir evra, ættu einnig að fullnægja tilteknum skilyrðum fyrir fjármögnun gegnum úthlutun án endurgjalds. Hlutaðeigandi aðildarríki ætti að velja slíkar fjárfestingar á grundvelli skýrra og gagnsærra viðmiðana. Niðurstöður úr þessu valferli ættu að falla undir samráð við almenning. Halda ætti almenningi tilhlýðilega upplýstum á því stigi þegar fjárfestingarverkefni eru valin sem og um framkvæmd þeirra. Til viðbótar við fjárfestingar ætti að koma fjármagn frá einkareknum lögaðilum sem getur tekið til aðskilins fjármagns frá einkareknum lögaðilum sem eru að öllu leyti eða að hluta til í eigu opinberra yfirvalda.
- 19) Fjármögnun viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir ætti að vera í samræmi við markmið ramma Sambandsins fyrir loftslags- og orkustefnuna fyrir 2030 og langtímamarkmiðin sem koma fram í Parísarsamningnum, sem og við aðrar fjármögnunaráætlanir Sambandsins, til að tryggja skilvirkni við nýtingu opinbers fjármagns.
- 20) Gildandi ákvæði, sem eru fyrir hendi um að litlar stöðvar séu undanskildar viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, heimila að stöðvar, sem eru undanskildar, verði það áfram og það ætti að gera aðildarríkjum kleift að uppfæra skrá sína yfir undanskildar stöðvar og gera aðildarríkjum, sem nota ekki þennan möguleika sem stendur, kleift að gera slíkt við upphaf hvers úthlutunartímabils. Til að komast hjá óþarfa stjórnsýslubyrði ætti um leið einnig að vera mögulegt fyrir aðildarríkin að undanskilja frá viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir stöðvar, sem losa minna en 2500 tonn af koltvísýringsjafngildi á hverju ári í þau þrjú ár sem eru næst á undan upphafi hvers úthlutunartímabils, og vara- eða neyðareiningar sem starfa skemur en 300 klukkustundir á hverju ári innan þessa þriggja ára tímabils. Sá möguleiki að taka aðra starfsemi og lofttegundir með í kerfið ætti að halda áfram án þess að þetta teljist vera nýir aðilar. Þessi möguleiki að taka aðra starfsemi og lofttegundir með eftir 2020 ætti að vera með fyrirvara um fjölda losunarheimilda í Sambandinu samkvæmt viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir og upphæðir sem af því leiða.
- 21) Í tilskipun 2003/87/EB er gerð sú krafa að aðildarríkin leggi fram skýrslu um framkvæmd tilskipunarinnar á grundvelli spurningalista eða eyðublaðs sem framkvæmdastjórnin útbýr í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í tilskipun ráðsins 91/692/EBE⁽¹⁾. Framkvæmdastjórnin hefur lagt það til að fella skýrslugjafarkröfurnar samkvæmt tilskipun 91/692/EBE úr gildi. Því er rétt að skipta tilvísuninni í tilskipun 91/692/EBE út fyrir tilvísun í málsmeðferðina sem um getur í tilskipun 2003/87/EB.
- 22) Með ákvörðun (ESB) 2015/1814 er komið á fót markaðsstöðugleikavarsjóði fyrir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir til að gera framboð á uppboðum sveigjanlegra og gera kerfið álagsþolnara. Í þeirri ákvörðun er einnig kveðið á um losunarheimildir, sem er ekki úthlutað til nýrra aðila fyrir 2020 og ekki úthlutað vegna þess að rekstur er stöðvaður eða stöðvaður að hluta til, sem skal setja í markaðsstöðugleikavarsjóðinn.
- 23) Vel starfhæft, endurskoðað viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, með gerningi til að koma á stöðugleika á markaði, er lykilatriði fyrir Sambandið til að ná umsömdu markmiði fyrir 2030 og skuldbindingunum samkvæmt Parísarsamningnum. Til að bregðast við núverandi ójafnvægi milli framboðs og eftirspurnar eftir losunarheimildum á markaði verður markaðsstöðugleikavarsjóði komið á fót samkvæmt ákvörðun (ESB) 2015/1814 á árinu 2018 og hann verður starfhæfur á árinu 2019. Að teknu tilliti til þess að þörf er á að senda trúverðuga fjárfestingarvísibendingu um að minnka koltvísýringslosun á kostnaðarhagkvæman hátt og með það í huga að styrkja viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir ætti að breyta ákvörðun (ESB) 2015/1814 til þess að hækka, til 31. desember 2023, hlutföllin til að ákvarða fjölda losunarheimilda sem á að setja í varasjóðinn á hverju ári. Enn fremur, sem langtímaráðstöfun til að bæta starfsemi viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir, ættu losunarheimildir sem eru varðveittar í varasjóðnum, sem eru umfram þann heildarfjölda losunarheimilda sem var boðinn upp á næstliðnu ári, ekki að vera lengur í gildi frá og með árinu 2023 nema annað sé ákveðið í fyrstu endurskoðun í samræmi við 3. gr. ákvörðunar (ESB) 2015/1814. Við reglulega endurskoðun á starfsemi varasjóðsins ætti einnig að íhuga hvort viðhalda eigi þessu hækkaða hlutfalli.
- 24) Endurskoða ætti tilskipun 2003/87/EB reglulega í ljósi alþjóðlegrar þróunar og viðleitni sem sýnd er við að ná langtímamarkmiðum Parísarsamningsins. Einnig ætti að endurskoða reglulega þær ráðstafanir sem gerðar eru til að styðja tiltekinn orkufrekan iðnað þar sem kolefnisleiki er líklegur, eins og um getur í 10. gr. a og 10. gr. b í tilskipun 2003/87/EB, í ljósi loftslagsstefnuráðstafana í öðrum helstu hagkerfum. Í því samhengi væri unnt, við endurskoðun á tilskipun 2003/87/EB, að íhuga hvort það sé við hæfi að skipta út, aðlaga eða bæta við sérhverjar fyrirleggjandi

(1) Tilskipun ráðsins 91/692/EBE frá 23. desember 1991 um að staðla og einfalda skýrslur um framkvæmd vissra tilskipana um umhverfismál (Stjútíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 48).

ráðstafanir til að koma í veg fyrir kolefnisleka með aðlögun kolefnislandamæra (e. *carbon border*) eða öðrum ráðstöfunum, svo fremi að slíkar ráðstafanir séu að fullu samrýmanlegar við reglur Alþjóðaviðskiptastofnunarinnar, til þess að viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir nái yfir innflytjendur vara sem eru framleiddar í geirum eða undirgeirum sem eru ákvarðaðir í samræmi við 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Framkvæmdastjórnin ætti að gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu í tengslum við hverja hnattræna athugun sem er samþykkt samkvæmt Parísarsamningnum, einkum að því er varðar þörf fyrir aukinn strangleika í stefnum og ráðstöfunum Sambandsins, þ.m.t. viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, í ljósi nauðsynlegrar skerðingar á losun gróðurhúsalofttegunda í Sambandinu og aðildarríkjum þess. Framkvæmdastjórnin ætti að geta lagt tillögur fyrir Evrópuþingið og ráðið til að breyta tilskipun 2003/87/EB eftir því sem við á. Framkvæmdastjórnin ætti einnig að meta afrakstur Hvetjandi samskipta 2018 samkvæmt rammisamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar (Talanoa-samskiptin) sem hluta af reglulegri skýrslugjöf sinni samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 ⁽¹⁾.

- 25) Í því skyni að samþykkja gerðir, sem eru ekki lagagerðir, sem hafa almennt gildi til að bæta við eða breyta tilteknum atriðum lagagerðar, sem ekki teljast grundvallaratriði, ætti að veita framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að því er varðar 3. gr. d (3. mgr.), 10. gr. (4. mgr.), 10. gr. a (1. og 8. mgr.), 10. gr. b (5. mgr.), 19. gr. (3. mgr.), 22. gr., 24. gr. (3. mgr.), 24. gr. a (1. mgr.), 25. gr. a (1. mgr.) og 28. gr. c í tilskipun 2003/87/EB. Einkum er mikilvægt að framkvæmdastjórnin efni til viðeigandi samráðs meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í stofnanasamstarfssamningnum frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ⁽²⁾. Til að tryggja jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða ættu Evrópuþingið og ráðið m.a. að taka við öllum skjölum á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja og sérfræðingar þeirra að hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnarinnar sem vinna að undirbúningi framseldra gerða. Að því er framsal varðar, að því er varðar 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB, ættu þau aðildarríki sem nota ekki sameiginlegan vettvang fyrir uppboð að geta haldið því áfram. Þar að auki ætti þetta framsal ekki að hafa áhrif á rétt aðildarríkjana til að ákvarða hvernig uppboðstekjur þeirra skuli notaðar.
- 26) Í því skyni að tryggja samræmd skilyrði fyrir framkvæmd 10. gr. a (þriðja til sjötta undirgrein 2. mgr.), 10. gr. a (21. mgr.), 10. gr. d, 14. gr. (1. og 2. mgr.), 15. gr., 16. gr. og 21. gr. (1. mgr.) í tilskipun 2003/87/EB og IV. og V. viðauka við þá tilskipun ætti að fela framkvæmdastjórnin framkvæmdarvald. Þessu valdi ætti að beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽³⁾.
- 27) Í því skyni að halda valdheimildum framkvæmdastjórnarinnar í lágmarki ætti að afnema gildandi valdheimildir, að því er varðar samþykkt gerða sem varða eftirfarandi: starfsemi sérstaka varasjóðsins í 9. mgr. 3. gr. f í tilskipun 2003/87/EB, nánari skilgreiningu á fjölda alþjóðlegra inneigna til að skiptast á og úthlutun á þeim fjölda alþjóðlegra inneigna sem má skiptast á í 8. mgr. 11. gr. a í þeirri tilskipun, að mæla fyrir um frekari kröfur um það hverju má skiptast á í 9. mgr. 11. gr. a í þeirri tilskipun og að mæla fyrir um frekari reglur um tvítalningu í 7. mgr. 11. gr. b í þeirri tilskipun. Gerðir, sem eru samþykktar samkvæmt þeim ákvæðum, gilda áfram.
- 28) Gerðir sem eru samþykktar samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, sem varða málefni sem þessi tilskipun veitir framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja framseldar gerðir eða framkvæmdagerðir fyrir, gilda áfram þangað til þær eru felldar úr gildi eða þeim er breytt. Ef um er að ræða ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB ⁽⁴⁾ verður síðasti dálkur I. viðauka við hana felldur úr gildi ef og þegar framkvæmdastjórnin samþykkir framkvæmdargerð til þess að ákvarða endurskoðuð viðmiðunargildi fyrir úthlutun án endurgjalds. Í því skyni að auka fyrirsjáanleika og einfalda stjórnáslumeðferð ætti ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/746/ESB ⁽⁵⁾ að gilda áfram til loka ársins 2020.

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísu og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stjtuð. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

(2) Stjtuð. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

(3) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjana með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtuð. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

(4) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtuð. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1).

(5) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/746/ESB frá 27. október 2014 um samantekt skrár samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka á tímabilinu 2015 til 2019 (Stjtuð. ESB L 308, 29.10.2014, bls. 114).

- 29) Framseldu gerðirnar og framkvæmdargerðirnar sem um getur í þessari tilskipun, einkum að því er varðar ákvæði um vöktun, skýrslugjöf og sannpröfun og um skrá Sambandsins, ættu að miða að því að einfalda reglur og draga úr allri stjórnsýslubyrði að því marki sem mögulegt er án þess að grafa undan umhverfislegum heilleika, öryggi eða áreiðanleika viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir. Þegar framkvæmdastjórnin undirbýr þessar gerðir ætti hún einkum að meta skilvirkni einfaldaðra vöktunarreglna, þ.m.t. fyrir neyðar- og varaeyningar til raforkuframleiðslu, að teknu tilliti til rekstrarstunda á ári, og fyrir aðra smálosendur og hún ætti einnig að meta möguleikana á að þróa slíkar reglur enn frekar.
- 30) Í samræmi við sameiginlega pólitíska yfirlýsingu aðildarríkjanna og framkvæmdastjórnarinnar frá 28. september 2011 um skýringaskjöl⁽¹⁾ hafa aðildarríkin skuldbundið sig til að láta, í rökstuddum tilvikum, eitt eða fleiri skjöl fylgja tilkynningunni um lögleiðingarráðstafanir sínar til að útskýra sambandið milli efnisþátta tilskipunar og samsvarandi hluta landsbundinna lögleiðingargerninga. Að því er varðar þessa tilskipun telur löggjafinn að sending slíkra gagna sé rökstudd.
- 31) Með þessari tilskipun er leitast við að stuðla að markmiðinu um öfluga umhverfisvernd, í samræmi við meginregluna um sjálfbæra þróun, á eins kostnaðarhagkvæman hátt og unnt er en veita stöðvum um leið nægan tíma til að aðlagast og veita einstaklingum, sem verða einkum fyrir áhrifum, hagstæðari meðferð á hóflegan hátt, að því marki sem mögulegt er, sem samrýmist öðrum markmiðum í þessari tilskipun.
- 32) Í þessari tilskipun eru grundvallarréttindi virt og meginreglum fylgt, einkum þeim sem eru viðurkenndar í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.
- 33) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar tilskipunar og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins, vegna umfangs hennar og áhrifa, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, gengur þessi tilskipun ekki lengra en nauðsynlegt er til að ná þessum markmiðum.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á tilskipun 2003/87/EB

Tilskipun 2003/87/EB er breytt sem hér segir:

- 1) Í stað hugtaksins „kerfi Bandalagsins“ í allri tilskipuninni komi „viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir“ og allar nauðsynlegar málfræðilegar breytingar eru gerðar.
- 2) Í stað orðsins „kerfi“ (e. *scheme*) í allri tilskipuninni komi „kerfi“ (e. *system*), nema í þeim tilvikum sem um getur í 1. lið þessarar greinar, í 26. gr. tilskipunarinnar og í 5. lið A-hluta V. viðauka við tilskipunina, og allar nauðsynlegar málfræðilegar breytingar eru gerðar.
- 3) Í stað orðsins „Bandalagið“ í allri tilskipuninni komi „Sambandið“, nema í þeim tilvikum sem um getur í 1. lið þessarar greinar og í 26. gr. tilskipunarinnar, og allar nauðsynlegar málfræðilegar breytingar eru gerðar.
- 4) Í stað orðanna „málsmeðferð í stjórnsýslunni sem um getur í 2. mgr. 23. gr.“ komi „rannsóknarmálsmeðferð sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a“.
- 5) Í fyrstu undirgrein 2. mgr. 3. gr. c og í 1. mgr. a í 10. gr. komi tilvísun í „13. gr.“ í stað tilvísunar í „1. mgr. 13. gr.“
- 6) Í stað orðsins „reglugerð“ í 3. gr. g, 5. gr. (d-liður fyrstu málsgreinar), 6. gr. (c-liður 2. mgr.), 10. gr. a (önnur undirgrein 2. mgr.), 14. gr. (2., 3. og 4. mgr.), 19. gr. (1. og 4. mgr.), 24. gr. (fyrsta undirgrein 3. mgr.) og 29. gr. a (4. mgr.) komi „gerðir“ og allar nauðsynlegar málfræðilegar breytingar eru gerðar.
- 7) Í stað h-liðar 3. gr. komi eftirfarandi:

„h) „nýr þátttakandi“: stöð þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir þeirrar starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka, sem hefur fengið leyfi til losunar gróðurhúsalofttegunda í fyrsta skipti á tímabili sem hefst þremur mánuðum fyrir framlagningu skrárinnar skv. 1. mgr. 11. gr. og lýkur þremur mánuðum fyrir þann dag sem síðari skrá er lögð fram samkvæmt þeirri grein“.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB C 369, 17.12.2011, bls. 14.

- 8) Í stað 3. mgr. í 3. gr. d komi eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun að því er varðar nákvæma tilhögun við uppboð aðildarríkjanna á losunarheimildum vegna flugs í samræmi við 1. og 2. mgr. þessarar greinar eða 8. mgr. 3. gr. f. Fjöldi losunarheimilda, sem hvert aðildarríki býður upp á hverju tímabili, skal vera í réttu hlutfalli við hlutdeild aðildarríkisins í heildarlosun sem rakin er til flugsamgangna fyrir öll aðildarríkin fyrir viðmiðunarárið sem kemur fram í skýrslu skv. 3. mgr. 14. gr. og er sannprófuð skv. 15. gr. Fyrir tímabilið, sem um getur í 1. mgr. 3. gr. c, skal viðmiðunarárið vera 2010 og fyrir hvert síðara tímabil, sem um getur í 3. gr. c, skal viðmiðunarárið vera almanaksárið sem lýkur 24 mánuðum áður en tímabilið hefst sem tengist uppboðinu. Framseldar gerðir skulu tryggja að meginreglurnar, sem settar eru fram í fyrstu undirgrein 4. mgr. 10. gr., séu virtar.“

- 9) Í 3. gr. f falli 9. mgr. brott.

- 10) Í 1. mgr. 6. gr. falli þriðja undirgrein brott.

- 11) Í stað 8. gr. komi eftirfarandi:

„8. gr.

Samræming við tilskipun 2010/75/ESB

Ef starfsemi stöðva fellur undir I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB (*) skulu aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að skilyrði og verklagsreglur fyrir útgáfu leyfis til losunar gróðurhúsalofttegunda séu í samræmi við þau sem gilda um útgáfu leyfis sem kveðið er á um í þeirri tilskipun. Heimilt er að fella kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 5., 6. og 7. gr. þessarar tilskipunar, inn í málsmeðferðarreglurnar sem kveðið er á um í tilskipun 2010/75/ESB.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB frá 24. nóvember 2010 um losun í iðnaði (samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun) (Stjtið. ESB L 334, 17.12.2010, bls. 17).“

- 12) Í stað annarrar og þriðju málsgreinar 9. gr. komi eftirfarandi:

„Frá og með 2021 skal línulegi stuðullinn vera 2,2%.“

- 13) Ákvæðum 10. gr. er breytt sem hér segir:

- a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Frá og með árinu 2019 skulu aðildarríkin bjóða upp allar losunarheimildir sem ekki er úthlutað án endurgjalds í samræmi við 10. gr. a og 10. gr. c í þessari tilskipun og eru ekki færðar í markaðsstöðugleikavarsjóðinn sem komið var á fót með ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 (*) eða gerðar ógildar í samræmi við 4. mgr. 12. gr. þessarar tilskipunar.

Frá og með árinu 2021 og með fyrirvara um hugsanlega skerðingu skv. 5. mgr. a í 10. gr. a, skal hlutdeild losunarheimilda sem verða boðnar upp vera 57%.

Bjóða skal upp 2% af heildarfjölda losunarheimilda á árunum 2021–2030 til að koma á fót sjóði til að bæta orkunýtni og nútímavæða orkukerfin í tilteknum aðildarríkjum, eins og sett er fram í 10. gr. d (nútímavæðingarsjóðurinn).

Heildarfjölda eftirstandandi losunarheimilda, sem aðildarríkin eiga að bjóða upp, skal úthlutað í samræmi við 2. mgr.

(*) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2015/1814 frá 6. október 2015 um að koma á fót og starfrækja markaðsstöðugleikavarsjóð fyrir kerfi Sambandsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og um breytingu á tilskipun 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 264, 9.10.2015, bls. 1).“

- b) Ákvæðum 2. mgr. er breytt sem hér segir:

- i. Í stað „88%“ í a-lið komi „90%“.

- ii. Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) 10% af heildarfjölda þeirra losunarheimilda, sem verða boðnar upp, skal skipt milli tiltekinna aðildarríkja í því skyni að efla samstöðu, vöxt og gagnkvæm tengsl innan Sambandsins og auka með því fjölda losunarheimilda sem þau aðildarríki bjóða upp skv. a-lið um þá hundradshluta sem eru tilgreindir í II. viðauka a.“

iii. Ákvæði c-liðar falli brott.

iv. Í stað þriðju undirgreinar komi eftirfarandi:

„Ef nauðsyn krefur skulu hundradshlutarnir, sem um getur í b-lið, aðlagðir hlutfallslega til þess að tryggja að skiptingin sé 10%.“

c) Ákvæðum 3. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað b-liðar komi eftirfarandi:

„b) að þróa endurnýjanlega orku til að geta staðið við þá skuldbindingu Sambandsins sem varðar endurnýjanlega orku sem og að þróa aðra tækni sem stuðlar að umbreytingu til öruggs og sjálfbærs lágkol-efnishagkerfis og til að stuðla að því að uppfylla skuldbindingar Sambandsins um að auka orkunýtni um þau gildi sem samþykkt eru í viðeigandi lagagerðum“.

ii. Í stað h-liðar komi eftirfarandi:

„h) ráðstafanir, sem ætlað er að bæta orkunýtni, fjarhitunarkerfi og einangrun eða veita fjárstuðning til að fást við félagslega þætti hjá heimilum sem eru með tekjur sem eru lágar eða í meðallagi“.

iii. Eftirfarandi liðir bætist við:

„j) að fjármagna loftslagsaðgerðir í þriðju löndum sem eru viðkvæm, þ.m.t. aðlögun að áhrifum loftslagsbreytinga,

k) að efla nýja færni og endurskipulagningu vinnuafis í því skyni að stuðla að réttlátri umbreytingu yfir í lágkol-efnishagkerfi, einkum á svæðum sem verða fyrir mestu áhrifunum af umbreytingu starfa, með náinni samræmingu við aðila vinnumarkaðarins.“

d) Í stað fyrstu, annarrar og þriðju undirgreinar 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun að því er varðar tímasetningu, stjórnun og aðra þætti uppboða til að tryggja að þau fari fram með opnum, gagnsæjum og samræmdum hætti og án mismununar. Í þessu skyni skal ferlið vera áreiðanlegt, einkum að því er varðar tímasetningu og röðun uppboða og áætlaðan fjölda losunarheimilda sem verða til ráðstöfunar.

Með þessum framseldu gerðum skal tryggja að uppboð séu hönnuð til að tryggja að:

a) rekstraraðilar, einkum lítil og meðalstór fyrirtæki sem falla undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, hafi óhindraðan, sanngjarnan og jafnan aðgang,

b) allir þátttakendur hafi aðgang að sömu upplýsingum á sama tíma og að þátttakendur grafi ekki undan framvindu uppboðanna,

c) skipulagning á og þátttaka í uppboðum sé kostnaðarhagkvæm og að komið sé í veg fyrir óþarfa umsýslukostnað og

d) smálosendum sé veittur aðgangur að losunarheimildum.“

e) Í stað annars málsliðar 5. mgr. komi eftirfarandi:

„Hún skal árlega leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið um starfsemi kolefnismarkaðarins og um aðrar viðeigandi loftslags- og orkustefnur, þ.m.t. um framkvæmd uppboða, seljanleika og umfang viðskiptanna, og samantekt um þær upplýsingar sem aðildarríkin leggja fram um fjárhagsráðstafanirnar sem um getur í 6. mgr. 10. gr. a.“

14) Ákvæðum 10. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu og annarrar undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun að því er varðar reglur, sem eru að öllu leyti samræmdar og gilda í öllu Sambandinu, um úthlutun losunarheimilda sem um getur í 4., 5., 7. og 19. mgr. þessarar greinar.“

b) Eftirfarandi undirgreinar bætist við í 2. mgr.:

„Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir í því skyni að ákvarða endurskoðuð viðmiðunargildi fyrir úthlutun án endurgjalds. Þessar gerðir skulu vera í samræmi við framseldar gerðir sem eru samþykktar skv. 1. mgr. þessarar greinar og skulu uppfylla eftirfarandi:

- a) Fyrir tímabilið frá 2021 til 2025 skal ákvarða viðmiðunargildin á grundvelli upplýsinga sem lagðar eru fram skv. 11. gr. fyrir árin 2016 og 2017. Framkvæmdastjórnin skal ákvarða árlegt skerðingarhlutfall fyrir hvert viðmiðunargildi, á grundvelli samanburðar á þessum viðmiðunargildum og viðmiðunargildunum í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB (*), eins og hún var samþykkt 27. apríl 2011, og skal beita því á viðmiðunargildin, sem gilda á tímabilinu frá 2013 til 2020, fyrir hvert ár milli ársins 2008 og ársins 2023 til að ákvarða viðmiðunargildin fyrir tímabilið frá 2021 til 2025.
- b) Ef árlegt skerðingarhlutfall fer yfir 1,6% eða er undir 0,2% skulu viðmiðunargildin fyrir tímabilið frá 2021 til 2025 vera viðmiðunargildin sem gilda á tímabilinu frá 2013 til 2020, að frádregnum þeim hundradshluta af þessum tveimur sem við á, fyrir hvert ár milli ársins 2008 og ársins 2023.
- c) Fyrir tímabilið frá 2026 til 2030 skal ákvarða viðmiðunargildin á sama hátt og sett er fram í a- og b-lið á grundvelli upplýsinga sem lagðar eru fram skv. 11. gr. fyrir árin 2021 og 2022 og á grundvelli beitingar á árlega skerðingarhlutfallinu fyrir hvert ár á milli ársins 2008 og ársins 2028.

Þrátt fyrir það, að því er varðar viðmiðunargildin fyrir arómöt, vetni og tilbúið gas, skal aðlaga þessi viðmiðunargildi með sama hundradshluta og viðmiðanir hreinsunarstöðva til að viðhalda jöfnum samkeppnisskilyrðum fyrir framleiðendur þessara vara.

Framkvæmdargerðirnar, sem um getur í þriðju undirgrein, skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.

Í því skyni að efla orkunýtna endurnýtingu úrgangslöfts á tímabilinu sem um getur í b-lið þriðju undirgreinar skal uppfæra viðmiðunargildið fyrir heitan málm, sem tengist aðallega úrgangslöftinu, með árlegu skerðingarhlutfalli sem nemur 0,2%.

(*) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjttíð. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1).“

c) Í stað 4. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Úthlutun án endurgjalds skal veitt til fjarhitunar sem og til samvinnslu með góða orkunýtni, eins og hún er skilgreind í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB (*), til þess að mæta efnahagstengdri eftirspurn að því er varðar framleiðslu á varma eða kælingu. Á hverju ári eftir 2013 skal heildarúthlutun til slíkra stöðva, að því er varðar framleiðslu á þessum varma, aðlöguð með línulega stuðlinum sem um getur í 9. gr. þessarar tilskipunar, að undanskildu sérhverju ári þar sem þessi úthlutun er aðlöguð á samræmdan hátt skv. 5. mgr. þessarar greinar.

(*) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/27/ESB frá 25. október 2012 um orkunýtni, breytingu á tilskipunum 2009/125/EB og 2010/30/ESB og um niðurfellingu á tilskipunum 2004/8/EB og 2006/32/EB (Stjttíð. ESB L 315, 14.11.2012, bls. 1).“

d) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Í því skyni að standa við uppboðshlutdeildina, sem sett er fram í 10. gr., fyrir hvert ár þar sem summa úthlutunar án endurgjalds nær ekki þeim hámarksfjölda sem svarar til uppboðshlutdeildarinnar skal nota eftirstandandi losunarheimildir upp í þann fjölda til að koma í veg fyrir eða takmarka skerðingu úthlutunar án endurgjalds til að standa við uppboðshlutdeildina á síðari árum. Ef hámarksfjöldanum er samt sem áður náð skal aðlaga úthlutun án endurgjalds til samræmis við það. Sérhver aðlögun af þessum toga skal gerð á samræmdan hátt.“

e) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„5a. Þrátt fyrir 5. mgr. skal nota viðbótarfjölda, sem nemur allt að 3% af heildarfjölda losunarheimilda, að því marki sem nauðsynlegt er, til að auka þann hámarksfjölda sem er til ráðstöfunar skv. 5. mgr.

5b. Ef þörf er fyrir minna en 3% af heildarfjölda losunarheimilda til að auka þann hámarksfjölda sem er til ráðstöfunar skv. 5. mgr.:

- skal nota að hámarki 50 milljónir losunarheimilda til að auka þann fjölda losunarheimilda sem er til ráðstöfunar til að styðja við nýsköpun í samræmi við 8. mgr. 10. gr. a og
- skal nota að hámarki 0,5% af heildarfjölda losunarheimilda til að auka þann fjölda losunarheimilda sem er til ráðstöfunar til að nótímavæða orkukerfin í tilteknum aðildarríkjum í samræmi við 10. gr. d.“

f) Í stað 6. mgr. komi eftirfarandi:

„6. Aðildarríkin skulu samþykkja fjárhagsráðstafanir, í samræmi við aðra og fjórðu undirgrein, í þágu geira eða undirgeira sem eru í raunverulegri áhættu á kolefnisleka vegna umtalsverðs óbeins kostnaðar sem er í raun stofnað til vegna kostnaðar við losun gróðurhúsalofttegunda, sem er velt út í rafmagnsverð, svo fremi að slíkar fjárhagsráðstafanir séu í samræmi við reglur um ríkisaðstoð og einkum að þær valdi ekki óþarfa röskun á samkeppni á innri markaði. Ef upphæðin, sem er til ráðstöfunar vegna slíkra fjárhagsráðstafana, fer yfir 25% af þeim tekjum sem eru tilkomnar vegna uppboða á losunarheimildum skal hlutaðeigandi aðildarríki setja fram ástæður fyrir því að farið er yfir þá upphæð.

Aðildarríkin skulu einnig leitast við að nota ekki meira en 25% af tekjum, sem eru tilkomnar vegna uppboða á losunarheimildum, í þær fjárhagsráðstafanir sem um getur í fyrstu undirgrein. Innan þriggja mánaða við lok hvers ár skulu aðildarríki, sem eru með slíkar fjárhagsráðstafanir fyrir hendi, gera heildarupphæð uppbotar, sem er látin í té eftir hverjum geira og undirgeira sem njóta ávinnings af þeim, aðgengilega fyrir almenning á aðgengilegu formi. Ef aðildarríki notar meira en 25% af tekjum, sem eru tilkomnar vegna uppboða á losunarheimildum, í slíkum tilgangi á einhverju ári frá og með árinu 2018 skal það birta skýrslu þar sem settar eru fram ástæður fyrir því að farið er yfir þessa upphæð. Skýrslan skal innihalda viðeigandi upplýsingar um rafmagnsverð fyrir stórnotendur í iðnaði, sem njóta ávinnings af slíkum fjárhagsráðstöfunum, með fyrirvara um kröfur sem varða vernd trúnaðarupplýsinga. Skýrslan skal einnig innihalda upplýsingar um það hvort tilhlýðilegt tillit hafi verið tekið til annarra ráðstafana til að lækka óbeinan kolefniskostnað verulega til meðallangs tíma og langs tíma.

Framkvæmdastjórnin skal m.a. láta koma fram í skýrslunni, sem kveðið er á um í 5. mgr. 10. gr., mat á áhrifunum af slíkum fjárhagsráðstöfunum á innri markaðinn og, eftir því sem við á, mæla með hverjum þeim ráðstöfunum sem kunna að vera nauðsynlegar samkvæmt því mati.

Þessar ráðstafanir skulu vera þannig að þær tryggi að fyrir hendi sé fullnægjandi vernd gegn áhættu á kolefnisleka, á grundvelli fyrirframákveðinna viðmiðana fyrir óbeina losun koltvísýrings á hverja framleiðslueiningu. Þessar fyrirframákveðnu viðmiðanir skulu reiknast fyrir tiltekinn geira eða undirgeira sem margfeldið af raforkunotkuninni fyrir hverja framleiðslueiningu, sem svarar til skilvirkustu tækni sem völ er á, og af koltvísýringslosuninni frá þeirri blöndu af rafmagnsframleiðslu í Evrópu sem máli skiptir í þessu samhengi.“

g) Ákvæðum 7. mgr. er breytt sem hér segir:

i. Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Losunarheimildir úr þeim hámarksfjölda sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, sem var ekki úthlutað án endurgjalds fyrir 2020, skulu lagðar til hliðar fyrir nýja aðila ásamt 200 milljónum losunarheimilda sem voru settar í markaðsstöðugleikavarasjóðinn skv. 3. mgr. 1. gr. ákvörðunar (ESB) 2015/1814. Af þeim losunarheimildum sem eru lagðar til hliðar skal skila aftur allt að 200 milljónum í markaðsstöðugleikavarasjóðinn við lok tímabilsins frá 2021 til 2030 ef þeim hefur ekki verið úthlutað á tímabilinu.

Frá 2021 skal bæta losunarheimildum, sem er ekki úthlutað til stöðva skv. 19. og 20. mgr., við þann fjölda losunarheimilda sem er lagður til hliðar í samræmi við fyrsta málslið fyrstu undirgreinar þessarar málsgreinar.“

ii. Fjórða og fimmta undirgrein falli brott.

h) Í stað fyrstu, annarrar og þriðju undirgreinar 8. mgr. komi eftirfarandi:

„325 milljónir losunarheimilda af þeim fjölda sem að öðrum kosti væri hægt að úthluta án endurgjalds samkvæmt þessari grein og 75 milljónir losunarheimilda af þeim fjölda sem að öðrum kosti væri hægt að bjóða upp skv. 10. gr. skulu vera til ráðstöfunar til að styðja við nýsköpun í lágkolefnistækni og -ferlum í geirum, sem eru tilgreindir í I. viðauka, þ.m.t. umhverfisvæn föngun kolefnis og nýting, sem stuðla verulega að því að milda loftslagsbreytingar, sem og vörur sem koma í staðinn fyrir kolefnisfrekar vörur sem eru framleiddar í geirum sem eru tilgreindir í I. viðauka og til að stuðla að gangsetningu og rekstri verkefna sem miða að umhverfisvænni föngun koltvísýrings og geymslu hans í jörðu, sem og nýskapandi tækni á sviði endurnýjanlegrar orku og orkugeymslutækni, á stöðum, sem eru landfræðilega jafndreifðir innan yfirráðasvæðis Sambandsins (nýsköpunarsjóðurinn). Verkefni í öllum aðildarríkjum, þ.m.t. minni háttar verkefni, skulu vera aðstoðarhæf.

Að auki skulu 50 milljónir óúthlutaðra losunarheimilda úr markaðsstöðugleikavarsjóðnum bættast við allar tekjur sem eftir eru af þeim 300 milljónum losunarheimilda sem eru til ráðstöfunar á tímabilinu frá 2013 til 2020 samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/670/ESB (*) og skulu notaðar tímanlega til stuðnings við nýsköpun eins og um getur í fyrstu undirgrein.

Verkefni skulu valin á grundvelli hlutlægra og gagnsærra viðmiðana að teknu tilliti til þess, ef við á, að hvaða marki verkefni stuðla að því að ná losunarskerðingum vel niður fyrir viðmiðanirnar sem um getur í 2. mgr. Verkefni skulu hafa möguleika til víðtækrar notkunar eða geta lækkað verulega kostnað við umbreytingu yfir í lágkolefnishagkerfi í viðkomandi geirum. Verkefni sem fela í sér umhverfisvæna föngun kolefnis og nýtingu skulu leiða til hreinnar skerðingar á losun og tryggja að koltvísýringur sé ekki losaður eða að hann sé geymdur varanlega. Tækni sem hlýtur stuðning skal enn ekki fást á almennum markaði en skal fela í sér tímamótalausnir eða vera nægilega langt komin til að vera tilbúin til sýningar fyrir markaðssetningu. Heimilt er að veita stuðning sem nemur allt að 60% af viðkomandi kostnaði við verkefni og þar af þurfa allt að 40% ekki að vera háð þeirri losun gróðurhúsalofttegunda sem staðfest hefur verið að komist hafi verið hjá, svo fremi að fyrirframákveðnum áföngum, að teknu tilliti til tækni sem er notuð, sé náð.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun að því er varðar reglur um starfsemi nýsköpunarsjóðsins, þ.m.t. valferli og viðmiðanir.

(*) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/670/ESB frá 3. nóvember 2010 um viðmiðanir og ráðstafanir vegna fjármögnunar sýniverkefna í viðskiptaskyni, sem miða að umhverfisvænni föngun og geymslu CO₂ í jörðu, og sýniverkefna er varða nýskapandi tækni á sviði endurnýjanlegrar orku innan kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 39).“

i) Í stað 9. mgr. komi eftirfarandi:

„9. Grikkland, þar sem verg landsframleiðsla á mann á markaðsverði var undir 60% af meðaltali Sambandsins á árinu 2014, getur, fyrir beitingu 7. mgr. þessarar greinar, gert kröfu um allt að 25 milljónir losunarheimilda úr hámarksfjöldanum, sem um getur í 5. mgr. þessarar greinar, sem er ekki úthlutað án endurgjalds fyrir 31. desember 2020, til að taka þátt í fjármögnun allt að 60% af minnkun kolefnislosunar hjá rafveitu eyjanna innan yfirráðasvæðis þess. Ákvæði 3. mgr. 10. gr. d gildir, að breyttu breytanda, um slíkar losunarheimildir. Gera má kröfu um losunarheimildir ef ekki er unnt að ljúka verkefni, sem miðar að því að minnka kolefnislosun hjá rafveitu grísku eyjanna, á annan hátt vegna takmarkaðs aðgangs að alþjóðlegum skuldabréfamörkuðum og ef Fjárfestingarbanki Evrópu staðfestir fjárhagslegan lífvænleika og félagslegan og hagrænan ávinning af verkefninu.“

j) Ákvæði 10. mgr. falli brott.

k) Í 11. mgr. falli textinn „með það í huga að árið 2027 verði engar úthlutanir án endurgjalds“ brott.

l) Ákvæði 12. til 18. mgr. falli brott.

m) Í stað 20. mgr. komi eftirfarandi:

„20. Aðlaga skal, eins og við á, fjölda endurgjaldslausra losunarheimilda sem er úthlutað til stöðva sem hafa, eins og metið er samkvæmt hlaupandi meðaltali yfir tvö ár, aukið við eða dregið úr rekstri um meira en 15%, samanborið við þann fjölda sem var upphaflega notaður til að ákvarða úthlutun án endurgjalds fyrir viðkomandi tímabil sem um getur í 1. mgr. 11. gr. Slík aðlögun skal framkvæmd með losunarheimildum úr þeim fjölda losunarheimilda sem eru lagðar til hliðar, í samræmi við 7. mgr. þessarar greinar, eða með því að bæta losunarheimildum við þær.“

n) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„21. Í því skyni að tryggja skilvirka og samræmda beitingu án mismununar á aðlögunum og viðmiðunarmörkum, sem um getur í 20. mgr. þessarar greinar, til að komast hjá allri óþarfa stjórnsýslubyrði og til að koma í veg fyrir að átt sé við kerfið til að aðlaga úthlutanir eða að það sé misnotað er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framkvæmdargerðir þar sem frekari ráðstafanir vegna aðlagananna eru skilgreindar. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.“

15) Í stað 10. gr. b og 10. gr. c komi eftirfarandi:

„10. gr. b

Umbreytingarráðstafanir til að styðja tiltekna, orkufreka iðnaðargeira ef um kolefnisleka er að ræða

1. Litið skal svo á að geirar og undirgeirar þar sem vara, sem verður til við að margfalda umfang viðskipta þeirra við þriðju lönd, skilgreint sem hlutfallið milli heildarverðmætis útflutnings til þriðju landa, að viðbættu verðmæti innflutnings frá þriðju löndum, og heildarstærðar markaðarins á Evrópska efnahagssvæðinu (árleg velta að viðbættum heildarinnflutningi frá þriðju löndum), með losunarumfangi þeirra, mælt í kg koltvísýrings, deilt með vergu vinnsluvirði (í evrum), er yfir 0,2, séu í áhættu á kolefnisleka. Úthluta skal slíkum geirum og undirgeirum losunarheimildum án endurgjalds á tímabilinu til 2030 sem nema 100% af þeim fjölda sem er ákvarðaður í samræmi við 10. gr. a.

2. Taka má geira og undirgeira, þar sem vara sem verður til við að margfalda umfang viðskipta þeirra við þriðju lönd með losunarumfangi þeirra er yfir 0,15, með í hópinn, sem um getur í 1. mgr., með því að nota gögn fyrir árin frá 2014 til 2016, á grundvelli eigindlegs mats og eftirfarandi viðmiðana:

- a) að hve miklu leyti einstakar stöðvar í viðkomandi geira eða undirgeira geta dregið úr losun eða raforkunotkun,
- b) núverandi og áætluð markaðseinkenni, þ.m.t. þar sem við á, sameiginlegt viðmiðunarverð,
- c) hagnaðarhlutfall sem hugsanlegur vísir um langtímafjárfestingu eða ákvarðanir um flutning, að teknu tilliti til breytinga á kostnaði við framleiðslu sem varðar losunarskerðingu.

3. Geirar og undirgeirar sem fara ekki yfir viðmiðunarmörkin, sem um getur í 1. mgr., en eru með losunarumfang sem er mælt í kg koltvísýrings, deilt með vergu vinnsluvirði þeirra (í evrum), sem er yfir 1,5 skulu einnig metnir út frá fjögurra tölustafa þrepi (NACE-4-kóði). Framkvæmdastjórnin skal birta niðurstöður þessa mats opinberlega.

Innan þriggja mánaða frá birtingunni, sem um getur í fyrstu undirgrein, geta þeir geirar og undirgeirar, sem um getur í þeirri undirgrein, sótt um til framkvæmdastjórnarinnar að fá annaðhvort eigindlegt mat á váhrifum vegna kolefnisleka þeirra út frá fjögurra tölustafa þrepi (NACE-4-kóði) eða mat á grundvelli flokkunar á vörum, sem eru notaðar við hagskýrslugerð um iðnaðarframleiðslu í Sambandinu, út frá átta tölustafa þrepi (vöruskrá ESB). Í þessu skyni skulu geirarnir og undirgeirarnir leggja fram ásamt umsókninni vel rökstudd og heil gögn, sannpröfuð af óháðum aðila, til að gera framkvæmdastjórninni kleift að annast matið.

Ef geiri eða undirgeiri velur að vera metinn út frá fjögurra tölustafa þrepi (NACE-4-kóði) má taka hann með í hópinn sem um getur í 1. mgr. á grundvelli viðmiðananna sem um getur í a-, b- og c-lið 2. mgr. Ef geiri eða undirgeiri velur að vera metinn út frá átta tölustafa þrepi (vöruskrá ESB) skal hann tekinn með í hópinn sem um getur í 1. mgr., svo fremi að á þessu stigi sé farið yfir viðmiðunarmörkin 0,2 sem um getur í 1. mgr.

Geirar og undirgeirar, sem úthlutun án endurgjalds fyrir er reiknuð út á grundvelli viðmiðunargilda sem um getur í fjórðu undirgrein 2. mgr. 10. gr. a, geta einnig farið fram á að vera metnir í samræmi við þriðju undirgrein þessarar málsgreinar.

Þrátt fyrir 1. og 2. mgr. getur aðildarríki, eigi síðar en 30. júní 2018, farið fram á að geiri eða undirgeiri, sem er tilgreindur í viðaukanum við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/746/ESB (*), að því er varðar mat út frá sex eða átta tölustafa þrepi (vöruskrá ESB), teljist vera tekinn með í hópinn sem um getur í 1. mgr. Einungis skal taka tillit til slíkrar beiðni ef aðildarríkið, sem leggur beiðnina fram, færir sönnur á að beiting þessarar undanþágu sé rökstudd á grundvelli vel rökstuddra, heilla, sannprófaðra og endurskoðaðra gagna fyrir næstliðin fimm ár, sem viðkomandi geiri eða undirgeiri hefur látið í té, og lætur allar viðeigandi upplýsingar fylgja með beiðni sinni. Á grundvelli þessara gagna skal viðkomandi geiri eða undirgeiri tekinn með, að því er varðar þessar flokkanir, ef sýnt er fram á, innan misleits fjögurra tölustafa þreps (NACE-4-kóði), að hann sé með umtalsvert meiri viðskipti og losunarumfang út frá sex eða átta tölustafa þrepi (vöruskrá ESB) sem fer yfir viðmiðunarmörkin sem sett eru fram í 1. mgr.

4. Litið er svo á að aðrir geirar og undirgeirar geti velt meira af kostnaði við losunarheimildir út í vöruverð og þeir skulu fá úthlutað losunarheimildum án endurgjalds sem nema 30% af þeim fjölda sem er ákvarðaður skv. 10. gr. a. Úthlutun án endurgjalds til annarra geira og undirgeira, að undanskilinni fjarhitun, skal minnka jafnt og þétt eftir árið 2026 þannig að á árinu 2030 verði engar úthlutanir án endurgjalds, nema annað sé ákveðið í endurskoðun skv. 30. gr.

5. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, eigi síðar en 31. desember 2019, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun að því er varðar ákvörðun á því hvaða geirar og undirgeirar teljast vera í áhættu á kolefnisleika, eins og um getur í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, vegna starfsemi á fjögurra tölustafa þrepi (NACE-4-kóði) að því er varðar 1. mgr. þessarar greinar, á grundvelli gagna sem liggja fyrir frá næstliðnum þremur almanaksárum.

10. gr. c

Möguleiki á úthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili til að nútímavæða orkugeirann

1. Þrátt fyrir 1. til 5. mgr. 10. gr. a er aðildarríkjum, þar sem verg landsframleiðsla á mann á markaðsvirði (í evrum) var undir 60% af meðaltali Sambandsins á árinu 2013, heimilt að standa fyrir úthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili til stöðva til raforkuframleiðslu til nútímavæðingar, aukinnar fjölbreytni og sjálfbærrar umbreytingar á orkugeiranum. Þær fjárfestingar sem njóta stuðnings skulu vera í samræmi við umbreytingu yfir í öruggt og sjálfbært lágkolefnishagkerfi og markmiðin innan ramma Sambandsins fyrir loftslags- og orkustefnuna fyrir 2030 og ná þeim langtíamarkmiðum sem koma fram í Parísarsamningnum. Undanþágan, sem kveðið er á um í þessari málsgrein, fellur úr gildi 31. desember 2030.

2. Hlutaðeigandi aðildarríki skal skipuleggja útboðsferli á samkeppnisgrundvelli, sem skal fara fram í einni eða fleiri lotum milli árana 2021 og 2030, vegna verkefna þar sem heildarfjárhæð fjárfestinga fer yfir 12,5 milljónir evra, í því skyni að velja þær fjárfestingar sem á að fjármagna með úthlutun án endurgjalds. Þetta útboð á samkeppnisgrundvelli skal:

- a) fylgja meginreglum um gagnsæi, bann við mismunun, jafna meðferð og trausta fjármálastjórnun,
- b) tryggja að einungis verkefni, sem stuðla að aukinni fjölbreytni í orkublöndu og orkubirgðum, nauðsynlegri endurskipulagningu, umhverfislegri uppfærslu og ísetningu endurbótarhluta í grunnvirki, hreinni tækni, s.s. tækni á sviði endurnýjanlegrar orku, eða nútímavæðingu orkuframleiðslugeirans, s.s. skilvirkri og sjálfbærri fjarhitun, og flutnings- og dreifingargeirans, séu hæf til að taka þátt,
- c) skilgreina skýrar, hlutlægar og gagnsæjar valviðmiðanir án mismununar til að raða niður verkefnum til þess að tryggja að einungis séu valin verkefni sem:
 - i. tryggja, á grundvelli kostnaðar- og ábatagreiningar, hreinan jákvæðan hagnað með tilliti til losunarskerðingar og framkvæmd fyrirframákveðinnar, umtalsverðrar koltvísýringslosunarskerðingar, að teknu tilliti til stærðar verkefnisins,
 - ii. eru til viðbótar, eru skýrt svar við þörf til útskiptingar og nútímavæðingar og leiða ekki til markaðsdrifinnar aukningar á eftirsþurn eftir orku,
 - iii. fela í sér besta hlutfallið á milli gæða og verðs og
 - iv. stuðla hvorki að né bæta fjárhagslegan lífvænleika mjög losunarfekrar raforkuframleiðslu eða auka hæði á losunarflek jarðefnaeldsneyti.

Þrátt fyrir 1. mgr. 10. gr. og með fyrirvara um síðasta málslið 1. mgr. þessarar greinar, ef til þess kemur að hætt er við fjárfestingu sem er valin með útboðsferli á samkeppnisgrundvelli eða ef fyrirhugað nothæfi næst ekki, er heimilt að nota eyrnamerkta losunarheimildir í einni viðbótarlotu af útboðsferli á samkeppnisgrundvelli, í fyrsta lagi einu ári síðar, til að fjármagna aðrar fjárfestingar.

Eigi síðar en 30. júní 2019 skal sérhvert aðildarríki, sem fyrirhugar að nýta sér valkvæða úthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili til að nútímavæða orkugeirann, birta ítarlegan landsbundinn ramma þar sem útboðsferli á samkeppnisgrundvelli, þ.m.t. fyrirhugaður fjöldi lota sem um getur í fyrstu undirgrein, og valviðmiðanir eru sett fram til að almenningur geti komið á framfæri athugasemdum.

Ef fjárfestingar, sem eru minna virði en 12,5 milljónir evra, eiga að hljóta stuðning með úthlutun án endurgjalds og eru ekki valdar með útboðsferli á samkeppnisgrundvelli, sem um getur í þessari málsgrein, skal aðildarríkið velja verkefni á grundvelli hlutlægra og gagnsærra viðmiðana. Niðurstöður úr þessu valferli skulu birtar til að almenningur geti komið á framfæri athugasemdum. Á þessum grundvelli skal hlutaðeigandi aðildarríki, eigi síðar en 30. júní 2019, koma á fót skrá yfir fjárfestingar, birta hana og leggja hana fyrir framkvæmdastjórnina. Ef fleiri en ein fjárfesting er framkvæmd innan sömu stöðvar skulu þær metnar sem heild til að ákvarða hvort farið er yfir verðgildisviðmiðunarmörkin 12,5 milljónir evra, nema þessar fjárfestingar séu sjálfstætt, tæknilega eða fjárhagslega framkvæmanlegar.

3. Verðgildi fyrirhugaðra fjárfestinga skal a.m.k. jafngilda markaðsvirði úthlutunarinnar án endurgjalds jafnframt því sem tekið er tillit til þarfar til að takmarka beintengdar verðhækkanir. Markaðsvirðið skal vera meðaltal verðsins fyrir losunarheimildir á sameiginlega uppboðsvettvanginum á næstliðnu almanaksári. Veita má stuðning fyrir allt að 70% af viðkomandi kostnaði fjárfestingar með því að nota úthlutun án endurgjalds svo fremi að einkareknir lögaðilar fjármagni eftirstandandi kostnað.

4. Draga skal úthlutun án endurgjalds á umbreytingartímabili frá þeim fjölda losunarheimilda sem aðildarríkið hefði að öðrum kosti boðið upp. Úthlutun án endurgjalds skal samtals ekki vera meiri en 40% af þeim losunarheimildum sem hlutaðeigandi aðildarríki fær til ráðstöfunar skv. a-lið 2. mgr. 10. gr. á tímabilinu frá 2021 til 2030, dreift í jöfnu magni árlega yfir tímabilið.

5. Ef aðildarríki, skv. 4. mgr. 10. gr. d, notar losunarheimildir sem er úthlutað í því skyni að efla samstöðu, vöxt og gagnkvæm tengsl innan Sambandsins í samræmi við b-lið 2. mgr. 10. gr. er umræddu aðildarríki heimilt, þrátt fyrir 4. mgr. þessarar greinar, að nota heildarfjölda sem nemur allt að 60% af þeim losunarheimildum sem það hefur mótttekið á tímabilinu frá 2021 til 2030 skv. a-lið 2. mgr. 10. gr. til úthlutunar án endurgjalds á umbreytingartímabili með því að nota samsvarandi fjölda losunarheimilda sem er úthlutað í samræmi við b-lið 2. mgr. 10. gr.

Heimilt er að úthluta öllum losunarheimildum, sem ekki hefur verið úthlutað samkvæmt þessari grein fyrir 2020, á tímabilinu frá 2021 til 2030 til fjárfestinga sem eru valdar með útboðsferli á samkeppnisgrundvelli, sem um getur í 2. mgr., nema hlutaðeigandi aðildarríki upplýsi framkvæmdastjórnina, eigi síðar en 30. september 2019, um þá fyrirætlun sína að úthluta ekki losunarheimildunum, öllum eða hluta þeirra, á tímabilinu frá 2021 til 2030 og um fjölda losunarheimilda sem þess í stað á að bjóða upp á árinu 2020. Ef slíkum losunarheimildum er úthlutað á tímabilinu frá 2021 til 2030 skal taka samsvarandi fjölda losunarheimilda með í reikninginn við beitingu 60% viðmiðunarmarkanna sem sett eru fram í fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar.

6. Úthluta skal til rekstraraðila þegar sýnt hefur verið fram á að fjárfesting, sem er valin í samræmi við reglur um útboðsferli á samkeppnisgrundvelli, hafi verið framkvæmd. Ef fjárfesting leiðir til viðbótarraforkuframleiðslugetu skal viðkomandi rekstraraðili einnig sýna fram á að hann eða annar tengdur rekstraraðili hafi tekið samsvarandi raforkuframleiðslugetu með meira losunarumfangi úr notkun þegar viðbótargetan var tekin í notkun.

7. Aðildarríkin skulu krefjast þess að raforkuframleiðendur og rekstraraðilar netkerfa, sem njóta ávinnings, gefi skýrslu, eigi síðar en 28. febrúar á hverju ári, um framkvæmd valinna fjárfestinga sinna, þ.m.t. staða á úthlutun án endurgjalds og fjárfestingarkostnaður sem stofnað er til og tegundir fjárfestinga sem eru studdar. Aðildarríki skulu leggja skýrslu um þetta fyrir framkvæmdastjórnina sem skal birta skýrslurnar opinberlega.

(*) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2014/746/ESB frá 27. október 2014 um samantekt skrár samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka á tímabilinu 2015 til 2019 (Stjtið. ESB L 308, 29.10.2014, bls. 114).“

16) Eftirfarandi grein bætist við:

„10. gr. d

Nútímavæðingarsjóðurinn

1. Sjóði til að styðja fjárfestingar sem aðildarríki, sem eru aðstoðarþegar, leggja til, þ.m.t. fjármögnun minni háttar fjárfestingarverkefna, til að nútímavæða orkukerfi og bæta orkunýtni í aðildarríkjum þar sem verg landsframleiðsla á mann á markaðsvirði var undir 60% af meðaltali Sambandsins á árinu 2013 (nútímavæðingarsjóðurinn), skal komið á fót fyrir tímabilið frá 2021 til 2030. Nútímavæðingarsjóðurinn skal fjármagnaður með uppboðum á losunarheimildum eins og sett er fram í 10. gr.

Þær fjárfestingar sem njóta stuðnings skulu vera í samræmi við markmið þessarar tilskipunar sem og við markmiðin innan ramma Sambandsins fyrir loftslags- og orkustefnuna fyrir 2030 og langtímamarkmiðin sem koma fram í Parísarsamningnum. Ekki skal veita orkuframleiðslustöðvum sem nota jarðefnaeldsneyti í föstu formi, öðrum en skilvirkum og sjálfbærum fjarhitunum í aðildarríkjum þar sem verg landsframleiðsla á mann á markaðsvirði var undir 30% af meðaltali Sambandsins á árinu 2013, neinn stuðning frá nútímavæðingarsjóðnum svo fremi að fjöldi losunarheimilda að a.m.k. jafnvirði sé notaður til fjárfestinga skv. 10. gr. c. sem taka ekki til jarðefnaeldsneytis í föstu formi.

2. Nota skal a.m.k. 70% af fjármagninu úr nútímavæðingarsjóðnum til að styðja fjárfestingar í framleiðslu og notkun raforku frá endurnýjanlegum orkugjöfum, umbætur í orkunýtni, að undanskilinni orkunýtni sem tengist orkuframleiðslu með notkun á jarðfnaeldsneyti í föstu formi, orkugeymslu og nútímavæðingu orkuneta, þ.m.t. fjarhitunarleiðslur, kerfi til raforkudreifingar og fjölgun samtenginga milli aðildarríkjanna, sem og til að styðja réttláta umbreytingu á kolefnaháðum svæðum í aðildarríkjum, sem eru aðstoðarþegar, til þess að styðja tilfærslu, endurþjálfun og viðbótarþjálfun starfsfólks, menntun, framtakaverkefni fyrir atvinnuleitendur og nýstofnuð fyrirtæki, í skoðanaskiptum við aðila vinnu-markaðarins. Fjárfestingar í orkunýtni í flutningum, byggingum, landbúnaði og úrgangi skulu einnig vera aðstoðarþegar.

3. Nútímavæðingarsjóðurinn skal starfa á ábyrgð aðildarríkja sem eru aðstoðarþegar. Fjárfestingarbanki Evrópu skal tryggja að losunarheimildir séu boðnar upp í samræmi við meginreglur og fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 10. gr. og skal bera ábyrgð á meðferð tekna. Fjárfestingarbanki Evrópu skal koma tekjunum áleiðis til aðildarríkjanna eftir að framkvæmdastjórnin hefur tekið ákvörðun um greiðslu ef þessi greiðsla til fjárfestinga er í samræmi við 2. mgr. þessarar greinar eða, ef fjárfestingin fellur ekki undir þau svið sem eru tilgreind í 2. mgr. þessarar greinar, er í samræmi við tilmæli fjárfestingarnefndarinnar. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ákvörðun sína tímanlega. Tekjunum skal skipt jafnt milli aðildarríkjanna og í samræmi við hlutdeildina, sem sett er fram í II. viðauka b, í samræmi við 6. til 12. mgr. þessarar greinar.

4. Sérhverju hlutaðeigandi aðildarríki er heimilt að nota alla úthlutun án endurgjalds sem veitt er skv. 4. mgr. 10. gr. c, eða hluta af þeirri úthlutun, og þann fjölda losunarheimilda sem er úthlutað í því skyni að efla samstöðu, vöxt og gagnkvæm tengsl innan Sambandsins í samræmi við b-lið 2. mgr. 10. gr., eða hluta af þeim fjölda í samræmi við 10. gr. d., til að styðja fjárfestingar innan ramma nútímavæðingarsjóðsins og auka þannig fjármagnið sem því aðildarríki er úthlutað. Eigi síðar en 30. september 2019 skal hlutaðeigandi aðildarríki tilkynna framkvæmdastjórninni um þann fjölda losunarheimilda sem á að nota skv. 10. gr. (b-liður 2. mgr.), 10. gr. c og 10. gr. d., eftir því sem við á.

5. Fjárfestingarnefnd fyrir nútímavæðingarsjóðinn er hér með komið á fót. Fjárfestingarnefndin skal skipuð einum fulltrúa frá hverju aðildarríki, sem er aðstoðarþegi, framkvæmdastjórninni og Fjárfestingarbanka Evrópu og þremur fulltrúum sem önnur aðildarríki kjósa til fimm ára. Fulltrúi framkvæmdastjórnarinnar fer með formennsku í henni. Einum fulltrúa hvers aðildarríkis, sem er ekki meðlimur í fjárfestingarnefndinni, er heimilt að sitja fundi nefndarinnar sem áheyrnarfulltrúi.

Fjárfestingarnefndin skal starfa á gagnsæjan hátt. Samsetning fjárfestingarnefndarinnar og ferilskrár og hagsmunayfirlýsingar meðlima hennar skulu gerðar aðgengilegar fyrir almenning og uppfærðar, ef nauðsyn krefur.

6. Áður en aðildarríki, sem er aðstoðarþegi, ákveður að fjármagna fjárfestingu úr sinni hlutdeild í nútímavæðingarsjóðnum skal það leggja fjárfestingarverkefnið fyrir fjárfestingarnefndina og Fjárfestingarbanka Evrópu. Ef Fjárfestingarbanki Evrópu staðfestir að fjárfestingin falli undir þau svið sem eru tilgreind í 2. mgr. er aðildarríkinu heimilt að fjármagna fjárfestingarverkefnið úr sinni hlutdeild.

Ef fjárfesting í nútímavæðingu orkukerfa, sem lagt er til að verði fjármögnuð úr nútímavæðingarsjóðnum, fellur ekki undir þau svið sem eru tilgreind í 2. mgr. skal fjárfestingarnefndin meta tæknilegan og fjárhagslegan lífvænleika þessarar fjárfestingar, þ.m.t. sú losunarskerðing sem náð er með henni, og gefa út tilmæli um að fjármagna fjárfestinguna úr nútímavæðingarsjóðnum. Fjárfestingarnefndin skal tryggja að með sérhverri fjárfestingu sem tengist fjarhitun náist fram verulegar úrbætur á orkunýtni og losunarskerðingum. Þessi tilmæli geta innihaldið tillögur varðandi viðeigandi fjármögnunarleiðir. Heimilt er að styðja allt að 70% af viðkomandi kostnaði við fjárfestingu, sem fellur ekki undir þau svið sem eru tilgreind í 2. mgr., með fjármagni úr nútímavæðingarsjóðnum svo fremi að einkareknir lögaðilar fjármagni eftirstandandi kostnað.

7. Fjárfestingarnefndin skal kappkosta að samþykkja tilmæli sín með samhljóða samþykki. Ef fjárfestingarnefndin getur ekki tekið ákvörðun með samhljóða samþykki innan frests sem formaðurinn setur skal hún taka ákvörðun með einföldum meirihluta.

Ef fulltrúi Fjárfestingarbanka Evrópu styður ekki fjármögnun fjárfestingar skal einungis samþykkja tilmæli ef tveir þriðju hlutar allra meðlimanna greiða atkvæði með samþykki þeirra. Fulltrúi aðildarríkisins þar sem fjárfestingin á að eiga sér stað og fulltrúi Fjárfestingarbanka Evrópu skulu ekki eiga rétt á að greiða atkvæði í þessu tilviki. Þessi undirgrein gildir ekki um minni háttar verkefni, sem eru fjármögnuð með lánnum sem landsbundinn stuðningsbanki veitir eða með styrkjum sem stuðla að framkvæmd landsáætlunar sem þjónar tilteknum markmiðum sem eru í samræmi við markmið nútímavæðingarsjóðsins, svo fremi að ekki meira en 10% af hlutdeild aðildarríkjanna, sem sett er fram í II. viðauka b, sé notuð samkvæmt áætluninni.

8. Sérhverjar gerðir eða tilmæli frá Fjárfestingarbanka Evrópu eða fjárfestingarnefndinni skv. 6. og 7. mgr. skulu gerð tímanlega og tilgreina skal ástæðurnar sem þau byggjast á. Slíkar gerðir og tilmæli skulu birt opinberlega.

9. Að því er varðar valin verkefni skulu aðildarríki, sem eru aðstoðarþegar, bera ábyrgð á að fylgja framkvæmdinni eftir.
10. Aðildarríki, sem eru aðstoðarþegar, skulu gefa framkvæmdastjórninni skýrslu árlega um fjárfestingar sem nútímavæðingarsjóðurinn fjármagnar. Skýrslan skal birt opinberlega og innihalda:
- upplýsingar um fjárfestingar sem aðildarríki, sem er aðstoðarþegi, fjármagnar,
 - mat á virðisauka, með tilliti til orkunýtni eða nútímavæðingar orkukerfisins, sem næst með fjárfestingunni.
11. Fjárfestingarnefndin skal gefa framkvæmdastjórninni skýrslu árlega um reynslu af mati á fjárfestingum. Eigi síðar en 31. desember 2024 skal framkvæmdastjórnin, að teknu tilliti til niðurstaðna fjárfestingarnefndarinnar, yfirfara svið verkefnanna, sem um getur í 2. mgr., og þann grundvöll sem fjárfestingarnefndin byggir tilmæli sín á.
12. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem varða ítarlegar reglur um starfsemi nútímavæðingarsjóðsins. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.“
- 17) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr. 11. gr.:
- „Skrá yfir stöðvar, sem falla undir þessa tilskipun, fyrir fimm ára tímabil sem hefst 1. janúar 2021, skal lögð fram eigi síðar en 30. september 2019 og skrá fyrir hvert síðara fimm ára tímabil skal lögð fram á fimm ára fresti eftir það. Hver skrá skal innihalda upplýsingar um framleiðslustarfsemi, flutning varma og lofttegunda, raforkuframleiðslu og losun í undirstöðvum á næstliðnum fimm almanaksárum fyrir framlagningu hennar. Einungis stöðvar, sem slíkar upplýsingar eru lagðar fram fyrir, skulu fá úthlutun án endurgjalds.“
- 18) Í 11. gr. a falli 8. og 9. mgr. brott.
- 19) Í 11. gr. b falli 7. mgr. brott.
- 20) Eftirfarandi málslíðir bætist við í 4. mgr. 12. gr.:
- „Ef til þess kemur að það lokast fyrir raforkuframleiðslugetu á yfirráðasvæði aðildarríkja vegna landsbundinna viðbótarráðstafana er aðildarríkjunum heimilt að ógilda losunarheimildir úr heildarfjölda losunarheimilda sem þau bjóða upp, sem um getur í 2. mgr. 10. gr., sem nemur allt að þeim fjölda sem samsvarar meðaltali sannprófaðrar losunar úr viðkomandi stöð á fimm ára tímabili á undan lokuninni. Hlutaðeigandi aðildarríki skal upplýsa framkvæmdastjórnina um slíka fyrirhugaða ógildingu í samræmi við framseldar gerðir sem eru samþykktar skv. 4. mgr. 10. gr.“
- 21) Í stað 13. gr. komi eftirfarandi:
- „13. gr.
- Gildi losunarheimilda**
- Losunarheimildir, sem eru gefnar út frá og með 1. janúar 2013, gilda í ótakmarkaðan tíma. Losunarheimildir, sem eru gefnar út frá og með 1. janúar 2021, skulu innihalda upplýsingar sem sýna á hvaða tíu ára tímabili, sem hefst frá og með 1. janúar 2021, þær voru gefnar út og þær skulu gilda fyrir losun frá og með fyrsta ári tímabilsins.“
- 22) Í stað 1. mgr. 14. gr. komi eftirfarandi:
- „1. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem varða nákvæmar ráðstafanir varðandi vöktun á losun og skýrslugjöf vegna hennar og, ef við á, gögn um starfsemi í tengslum við starfsemina sem er tilgreind í I. viðauka að því er varðar vöktun og skýrslugjöf á gögnum um tonnkilómetra vegna umsóknar skv. 3. gr. e eða 3. gr. f, sem skal byggð á meginreglunum um vöktun og skýrslugjöf, sem settar eru fram í IV. viðauka, og kröfunum sem settar eru fram í 2. mgr. þessarar greinar. Í þessum framkvæmdargerðum skal einnig tilgreina hnatthlúnunarmátt hverrar gróðurhúsalofttegundar um sig í tengslum við kröfunar um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar fyrir viðkomandi lofttegund.
- Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.“
- 23) Í stað þriðju, fjórðu og fimmtu málsgreinar 15. gr. komi eftirfarandi:
- „Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem varða sannprófun losunarskýrslna á grundvelli meginreglnanna sem settar eru fram í V. viðauka og um faggildingu sannprófenda og eftirlit með þeim. Framkvæmdastjórnin getur einnig samþykkt framkvæmdargerðir um sannprófun skýrslna sem umráðendur loftfara leggja fram skv. 3. mgr. 14. gr. og umsókna skv. 3. gr. e og 3. gr. f, þ.m.t. sannprófunaræðferðir sem sannprófundum ber að nota. Í henni skulu tilgreind skilyrði fyrir faggildingu og afturköllun faggildingar, fyrir gagnkvæmri viðurkenningu og jafningjamati á faggildingarstofnunum, ef við á.

Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.“

24) Í stað 12. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„12. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja framkvæmdargerðir sem varða ítarlegar reglur um málsmeðferðina sem um getur í þessari grein. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.“

25) Í stað 3. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„3. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun með því að mæla fyrir um allar nauðsynlegar kröfur sem varða skrá Sambandsins fyrir viðskiptatímabilið sem hófst 1. janúar 2013 og síðari tímabil, í formi staðlaðra rafræna gagnasafna sem geyma sameiginleg gagnastök til að rekja útgáfu, handhöfn, millifærslu og ógildingu losunarheimilda, eftir því sem við á, og til að veita almennan aðgang og að trúnaðarkvöð sé virt, eins og við á. Þessar framseldu gerðir skulu einnig innihalda ákvæði til að koma til framkvæmda reglum um gagnkvæma viðurkenningu losunarheimilda í samningum um að tengja viðskiptakerfi fyrir losunarheimildir.“

26) Ákvæðum 21. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fjórða málslíðar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„Skýrslan skal samin á grundvelli spurningalista eða eyðublaðs sem framkvæmdastjórnin samþykkir í formi framkvæmdargerða. Þessar framkvæmdargerðir skulu samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 22. gr. a.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„4. Á þriggja ára fresti, í skýrslunni sem um getur í 1. mgr., skal einnig gefa sambærilegum ráðstöfunum, sem eru samþykktar fyrir litlar stöðvar sem eru undanskildar viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, sérstakan gaum. Í upplýsingaskiptunum, sem um getur í 3. mgr., skal einnig taka tillit til jafngildra ráðstafana sem eru samþykktar fyrir litlar stöðvar.“

27) Í stað 22. gr. komi eftirfarandi:

„22. gr.“

Breytingar á viðaukunum

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að breyta, eftir því sem við á, viðaukunum við þessa tilskipun, að frátöldum I. viðauka, II. viðauka a og II. viðauka b, í ljósi skýrslanna sem kveðið er á um í 21. gr. og reynslunnar af beitingu þessarar tilskipunar. Heimilt er að breyta IV. og V. viðauka til að bæta vöktun, skýrslugjöf og sannprófun losunar.“

28) Eftirfarandi grein bætist við:

„22. gr. a

Nefndarmeðferð

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar um loftslagsbreytingar sem komið var á fót með 26. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 (*). Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 (**).

2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gilda ákvæði 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

Skili nefndin ekki álitni skal framkvæmdastjórnin ekki samþykkja drögin að framkvæmdargerðinni og þriðja undirgrein 4. mgr. 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011 skal gilda.

(*) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 525/2013 frá 21. maí 2013 um fyrirkomulag við vöktun og skýrslugjöf að því er varðar losun gróðurhúsalofttegunda og skýrslugjöf að því er varðar aðrar upplýsingar á landsvísi og á vettvangi Sambandsins sem varða loftslagsbreytingar og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 280/2004/EB (Stjtið. ESB L 165, 18.6.2013, bls. 13).

(**) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).“

29) Í stað 23. gr. komi eftirfarandi:

„23. gr.

Beiting framsals

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sbr. þó skilyrðin sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórninni skal falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 3. gr. d (3. mgr.), 10. gr. (4. mgr.), 10. gr. a (1. og 8. mgr.), 10. gr. b (5. mgr.), 19. gr. (3. mgr.), 22. gr., 24. gr. (3. mgr.), 24. gr. a (1. mgr.), 25. gr. a (1. mgr.) og 28. gr. c, um óákvæðinn tíma frá 8. apríl 2018.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 3. gr. d (3. mgr.), 10. gr. (4. mgr.), 10. gr. a (1. og 8. mgr.), 10. gr. b (5. mgr.), 19. gr. (3. mgr.), 22. gr., 24. gr. (3. mgr.), 24. gr. a (1. mgr.), 25. gr. a (1. mgr.) og 28. gr. c. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins* eða síðar, eftir því sem tilgreint er í henni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Áður en framseld gerð er samþykkt skal framkvæmdastjórnin hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningi milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016 (*).
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 3. gr. d (3. mgr.), 10. gr. (4. mgr.), 10. gr. a (1. og 8. mgr.), 10. gr. b (5. mgr.), 19. gr. (3. mgr.), 22. gr., 24. gr. (3. mgr.), 24. gr. a (1. mgr.), 25. gr. a (1. mgr.) og 28. gr. c., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil skal framlengt um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

(*) Stjútíð. ESB. L 123, 12.5.2016, bls. 1.“

30) Ákvæðum 24. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Frá og með 2008 er aðildarríkjum heimilt, í samræmi við þessa tilskipun, að láta viðskipti með losunarheimildir ná til starfsemi og gróðurhúsalofttegunda sem ekki eru tilgreindar í I. viðauka, að teknu tilliti til allra viðkomandi viðmiðana, einkum áhrifa á innri markaðinn, hugsanlegrar röskunar á samkeppni, heilleika viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir í umhverfislegu tilliti og áreiðanleika fyrirhugaðs vöktunar- og skýrslugjafarkerfis, svo fremi að framkvæmdastjórnin samþykki að bæta við þessari starfsemi og gróðurhúsalofttegundum í samræmi við framseldar gerðir sem framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja í samræmi við 23. gr.“

b) Í stað annarrar undirgreinar 3. mgr. komi eftirfarandi:

„Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun í þessu skyni.“

31) Ákvæðum 24. gr. a er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu og annarrar undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Auk viðbótanna, sem kveðið er á um í 24. gr., er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja ráðstafanir vegna útgáfu losunarheimilda eða inneigna í tengslum við verkefni sem eru undir stjórn aðildarríkjanna og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda en falla ekki undir viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir.

Slíkar ráðstafanir skulu vera í samræmi við gerðir sem eru samþykktar skv. 7. mgr. 11. gr. b eins og hún var í gildi fyrir 8. apríl 2018. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun með því að setja fram þær verklagsreglur sem á að fylgja.“

b) Ákvæði 2. mgr. falli brott.

32) Ákvæði 2. mgr. 25. gr. falli brott.

33) Í stað fyrstu og annarrar undirgreinar 1. mgr. í 25. gr. a komi eftirfarandi:

„Ef þriðja land samþykkir ráðstafanir til að draga úr loftslagsbreytingum vegna flugferða sem hefjast í því þriðja landi og lýkur í Sambandinu skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við þriðja landið og aðildarríkin í nefndinni, sem um getur í 1. mgr. 23. gr. a, vega og meta þá valkosti sem eru tiltækir til að stuðla að sem bestu samspili milli viðskiptakerfis ESB fyrir losunarheimildir og ráðstafana þriðja landsins.

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að breyta I. viðauka við þessa tilskipun til að kveða á um að flugferðir frá þriðja landinu, sem um ræðir, séu undanskildar þeirri flugstarfsemi sem er tilgreind í I. viðauka eða til að kveða á um aðrar breytingar á flugstarfseminni sem er tilgreind í I. viðauka, nema í tengslum við gildissvið, sem krafist er samkvæmt samningi sem er gerður skv. 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.“

34) Í stað annarrar undirgreinar 3. mgr. 27. gr. komi eftirfarandi:

„Þessi stöð skal vera í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir til loka tímabilsins, sem um getur í 1. mgr. 11. gr., þegar hún var tekin inn aftur.“

35) Eftirfarandi grein bætist við:

„27. gr. a

Valkvæð útilokun stöðva sem losa minna en 2500 tonn

1. Aðildarríkjum er heimilt að útiloka stöðvar frá viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir, sem hafa gefið lögbæru yfirvaldi hlutaðeigandi aðildarríkis skýrslu um losun koltvísýringsjafngildis sem er undir 2500 tonnum, án tillits til losunar frá lífmassa, á hverju ári í þau þrjú ár sem eru næst á undan tilkynningunni skv. a-lið, svo fremi að hlutaðeigandi aðildarríki:

- a) tilkynni framkvæmdastjórninni um hverja slíka stöð áður en skráin yfir stöðvar skv. 1. mgr. 11. gr. skal lögð fram eða í síðasta lagi þegar skráin er lögð fyrir framkvæmdastjórnina,
- b) staðfesti að einfaldað vöktunarfyrirkomulag sé fyrir hendi til að meta hvort einhver stöð losi 2500 tonn eða meira af koltvísýringsgildi, án tillits til losunar frá lífmassa, á einu almanaksári,
- c) staðfesti að ef einhver stöð losar 2500 tonn af koltvísýringsjafngildi eða meira, án tillits til losunar frá lífmassa, á einu almanaksársári, verði stöðin tekin aftur inn í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir og
- d) geri upplýsingarnar, sem um getur í a-, b- og c-lið, aðgengilegar almenningi.

2. Þegar stöð er tekin inn í viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir á ný skv. c-lið 1. mgr. þessarar greinar skulu allar losunarheimildir, sem er úthlutað skv. 10. gr a, veittar frá og með því ári þegar hún er tekin inn aftur. Draga skal losunarheimildir, sem er úthlutað til slíkrar stöðvar, frá fjöldanum sem aðildarríkinu, þar sem stöðin er, ber að bjóða upp skv. 2. mgr. 10. gr.

3. Aðildarríkjunum er einnig heimilt að undanskilja frá viðskiptakerfi ESB fyrir losunarheimildir vara- eða neyðareiningar, sem voru ekki starfræktar í meira en 300 klukkustundir á hverju ári í þau þrjú ár sem eru næst á undan tilkynningunni skv. a-lið 1. mgr., samkvæmt sömu skilyrðum og sett eru fram í 1. og 2. mgr.“

36) Í stað 28. gr. c komi eftirfarandi:

„28. gr. c

Ákvæði um vöktun, skýrslugjöf og sannprófun að því er varðar hnattrænu markaðstengdu ráðstöfunina

Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir, í samræmi við 23. gr., til að bæta við þessa tilskipun varðandi viðeigandi vöktun losunar, skýrslugjöf um hana og sannprófun á henni í þeim tilgangi að innleiða hnattræna markaðstengda ráðstöfun Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á öllum leiðum sem falla undir hana. Þessar framseldu gerðir skulu byggjast á viðeigandi gerningum sem eru samþykktir hjá Alþjóðaflugmálastofnuninni, í þeim skal komist hjá allri röskun á samkeppni og þær skulu vera í samræmi við meginreglurnar í gerðunum sem um getur í 1. mgr. 14. gr. og með þeim skal tryggt að losunarskýrslur, sem lagðar eru fram, séu sannprófaðar í samræmi við meginreglur um sannprófanir og viðmiðanir sem mælt er fyrir um í 15. gr.“

37) Í stað 30. gr. komi eftirfarandi:

„30. gr.

Endurskoðun í ljósi framkvæmdar Parísarsamningsins og þróun kolefnismarkaða í öðrum helstu hagkerfum

1. Endurskoða skal þessa tilskipun reglulega í ljósi alþjóðlegrar þróunar og viðleitni sem sýnd er við að ná langtíamarkmiðum Parísarsamningsins.
 2. Einnig skal endurskoða reglulega þær ráðstafanir sem gerðar eru til að styðja tiltekinn orkufrekan iðnað þar sem kolefnisleiki er líklegur, eins og um getur í 10. gr. a og 10. gr. b, í ljósi loftslagsstefnuráðstafana í öðrum helstu hagkerfunum. Í þessu samhengi skal framkvæmdastjórnin einnig íhuga hvort samræma eigi enn frekar ráðstafanir í tengslum við uppbót fyrir óbeinan kostnað.
 3. Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu í tengslum við hverja hnattræna athugun sem er samþykkt samkvæmt Parísarsamningnum, einkum að því er varðar þörf fyrir viðbótarstefnur og -ráðstafanir Sambandsins í ljósi nauðsynlegrar skerðingar gróðurhúsalofttegunda í Sambandinu og aðildarríkjum þess, þ.m.t. í tengslum við línulega stuðulinn sem um getur í 9. gr. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja tillögur fyrir Evrópuþingið og ráðið til að breyta þessari tilskipun eftir því sem við á.
 4. Framkvæmdastjórnin skal, fyrir 1. janúar 2020, leggja fram uppfærða greiningu á öðrum áhrifum á flugsamgöngur en frá koltvísýringi og henni skal fylgja, eftir því sem við á, tillaga um hvernig best sé að taka á þessum áhrifum.“
- 38) Í II. viðauka a við tilskipun 2003/87/EB falli færslurnar fyrir Belgíu, Ítalíu, Lúxemborg og Svíþjóð brott.
- 39) Í stað II. viðauka b við tilskipun 2003/87/EB komi textinn í I. viðauka við þessa tilskipun.
- 40) Ákvæðum IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa tilskipun.

2. gr.

Breytingar á ákvörðun (ESB) 2015/1814

Ákvæðum 1. gr. ákvörðunar (ESB) 2015/1814 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi málsliður bætist við í fyrstu undirgrein 5. mgr.:

„Þrátt fyrir fyrsta og annan málslið skal tvöfalda hlutföllin og þær 100 milljónir losunarheimilda sem um getur í þessum málsliðum til 31. desember 2023.“

2) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„5a. Frá og með árinu 2023 skulu losunarheimildir, sem eru varðveittar í varasjóðnum, sem eru umfram þann heildarfjölda losunarheimilda sem var boðinn upp á næstliðnu ári, ekki vera lengur í gildi nema annað sé ákveðið í fyrstu endurskoðun sem fram fer í samræmi við 3. gr.“

3. gr.

Lögleiðing

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 9. október 2019. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessar ráðstafanir skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þær eru birtar opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein skulu aðildarríkin samþykkja nauðsynleg lög og stjórnarsýslufyrirmæli til að fara að birtingar- og skýrslugjafarkröfunum í f-lið 14. mgr. 1. gr. þessarar tilskipunar, að því er varðar 6. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, eigi síðar en 31. desember 2018.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

4. gr.

Umbreytingarákvæði

Þegar aðildarríkin fara að skuldbindingum sínum, sem settar eru fram í fyrstu undirgrein 1. mgr. 3. gr. þessarar tilskipunar, skulu þau tryggja að landslöggjöf þeirra til lögleiðingar á 10. gr., 10. gr. a (4. til 7. mgr.), 10. gr. a (fyrsta og önnur undirgrein 8. mgr.), 10. gr. a (12. til 18. mgr.), 10. gr. c og 11. gr. a (8. og 9. mgr.) í tilskipun 2003/87/EB og II. viðauka a og II. viðauka b við þá tilskipun, í þeirri útgáfu sem var í gildi 19. mars 2018, gildi áfram til 31. desember 2020. Skráin í viðaukanum við ákvörðun 2014/746/ESB gildir áfram til 31. desember 2020.

5. gr.

Gildistaka

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Viðtakendur

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 14. mars 2018.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins

L. PAVLOVA

forseti.

I. VIÐAUKI

Í stað II. viðauka b við tilskipun 2003/87/EB komi eftirfarandi:

*„II. VIÐAUKI b***ÚTHLUTUN FJÁRMAGNS ÚR NÚTÍMAVÆÐINGARSJÓÐNUM TIL 31. DESEMBER 2030**

Hlutdeild nútímavæðingarsjóðsins

Búlgaría	5,84%
Tékkland	15,59%
Eistland	2,78%
Króatía	3,14%
Lettland	1,44%
Litáen (Lietuva)	2,57%
Ungverjaland	7,12%
Pólland	43,41%
Rúmenía	11,98%
Slóvakía	6,13% ⁴ .

II. VIÐAUKI

Í stað liðarins undir fjórðu fyrirögn í A-hluta IV. viðauka við tilskipun 2003/87/EB, sem ber yfirskriftina „Vöktun á losun annarra gróðurhúsalofttegunda“, komi eftirfarandi:

„Nota skal staðlaðar eða viðurkenndar aðferðir sem framkvæmdastjórnin hefur þróað í samstarfi við alla viðkomandi hagsmunaaðila og samþykkt skv. 1. mgr. 14. gr.“
